Ástfanginn af Raufarhöfn

Menning ➤ 13

Einangraður Gullhnöttur

Lífið ➤ 18

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

6. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 11. JANÚAR 2022

Um sjötíu prósent þeirra barna sem fengu boð um að koma í bólusetningu í gær þáðu það og fengu rúmlega fimmtán hundruð börn fyrsta skammt bóluefnis við kórónaveirunni í Laugardalshöll. Þetta var fyrsti dagurinn af þremur þar sem börnum á aldrinum 5-11 ára var boðin bólusetning. Alls 876 börn á aldrinum 6-12 ára voru í einangrun vegna Covid-19 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flestir telja samkeppnisstöðu landsins góða

Forsvarsfólk ferðaþjónustufyrirtækja kallar eftir fyrirsjáanleika um landamærareglur og sóttvarnaaðgerðir. Ráðherra segir áframhaldandi ríkisaðstoð til skoðunar.

arib@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Tæplega tveir þriðju forsvarsfólks ferðaþjónustufyrirtækja telja að samkeppnisstaða Íslands sem áfangastaðar muni styrkjast eða standa í stað á milli ára.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem KPMG gerði meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu undir lok síðasta árs og verður kynnt á Nýársmálstofu ferðaþjónustunnar sem fram fer í dag.

Þá telur mikill meirihluti, eða 77 prósent, að ríkisstjórnin þurfi í ljósi heimsfaraldursins að grípa til enn frekari aðgerða til að styrkja ferðaþjónustuna á Íslandi. Auk svipaðra aðgerða og þegar hefur verið gripið til leggja svarendur áherslu á aukinn stöðugleika. Nefna svarendur meðal annars fyrirsjáanleika og framtíðarsýn varðandi landamæraeftirlit og sóttvarnir en herðing og tilslökun reglna á víxl hafi fælandi áhrif.

„Stjórnvöld vinna að því að móta frekari efnahagsaðgerðir í tengslum við þessa bylgju farsóttarinnar," segir Lilja Dögg Alfreðsdóttir ferðamálaráðherra. Hún segir nauðsynlegt að aðstoða þau fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga sem verða fyrir mestum takmörkunum á sinni starfsemi.

Telur þú að ríkisstjórnin þurfi að grípa til frekari aðgerða fyrir ferðaþjónustuna?



„Mitt ráðuneyti hefur unnið með lykilaðilum að því að móta tillögur sem eiga að koma til móts við starfsemi þeirra. Þannig óskaði ég til dæmis eftir úttekt á stöðu ferðaþjónustunnar sem Ferðamálastofa og KPMG hafa nú kynnt.

Meðal þeirra tillagna sem eru til skoðunar er áframhald á fyrri efnahagsaðgerðum líkt og viðspyrnustyrkjum og fleiri úrræðum. Einnig erum við að líta til þeirra aðgerða sem önnur ríki hafa gripið til," segir hún en leggur áherslu á að fjármálakerfið leggi sitt af mörkum líka.

„Horfur ferðaþjónustunnar á Íslandi eru bjartar og ég hlakka til að klára næstu skref og vonandi fer að birta varanlega til," segir Lilja.

Þetta er fjórða árið í röð sem könnunin er gerð meðal ferðaþjónustufyrirtækja, líkt og fyrri ár er nýársfundurinn haldinn í samstarfi Samtaka ferðaþjónustunnar, Íslenska ferðaklasans og KPMG. Málstofan hefst klukkan 9 og fer fram í beinni útsendingu á Facebook-síðum þessara aðila. ■

Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

Nýja ljósið í skammdeginu

Tryggðu þér nýjan tengiltvinnbíl á frábæru verði, frá aðeins **5.970.000 kr.** til afhendingar strax. Komdu í heimsókn og prufukeyrðu Eclipse Cross.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/mitsubishisalur

Heilbrigðisráðherra ræðir minnisblað sóttvarnalæknis á fundi ríkisstjórnar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stjórnin fundar um aðgerðir í dag

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Willum Þór Þórsson hefur fengið nýtt minnisblað frá Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni en núgildandi sóttvarnaaðgerðir renna út á morgun. Ekki hefur verið upplýst um hvort Þórólfur leggur til harðari aðgerðir en ekki er búist við neinum afléttingum að svo stöddu.

Ríkisstjórnin fundar í ráðherrabústaðnum í dag og búist er við tilkynningu frá heilbrigðisráðherra um framhaldið að honum loknum um hádegisbil.

„Við erum í stöðugu sambandi, heilbrigðisráðherra og ég, um stöðuna og hvaða leiðir séu vænlegar fram á við. Við erum með spálíkan frá Háskóla Íslands um fjölda tilfella sem spáir því að við verðum á svipuðu róli næstu dagana, fram í seinni partinn í janúar, um þúsund smit á dag," sagði Þórólfur í samtali við Fréttablaðið í gær. ■

Eftirlegukind í borginni

Enda þótt jólin hafi nú runnið sitt skeið og jólasveinar eigi nú að vera komnir til síns heima, þá eru ennþá skreytingar uppi víðs vegar um landið. Kannski eru ennþá jólasveinar á sveimi sem ekki komust til fjalla á réttum tíma? FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rán í Kópavogi málum blandið

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Enginn hefur enn verið handtekinn vegna innbrots á heimili í Kópavogi í gær þar sem menn réðust á húsráðanda, hótuðu honum og bundu hann niður.

„Það hefur enginn verið handtekinn. Það er svolítið málum blandið þetta mál og enn til rannsóknar hvernig það snýr og ekki hægt að segja meira um það að svo stöddu," segir Grímur Grímsson, yfirmaður Miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Að því er fram kom í dagbók lögreglunnar í gær rændu mennirnir munum og verðmætum á borð við greiðslukort og lyf. Þeir fóru svo af vettvangi en hótuðu að snúa aftur.

Að sögn náði maðurinn að losa sig og óska eftir aðstoð lögreglu en mennirnir komu aftur áður en lögreglan kom á vettvang. Þeir heyrðu hins vegar að lögreglan væri á leiðinni og forðuðu sér.

> Það hefur enginn verið handtekinn. Það er svolítið málum blandið þetta mál.

Grímur Grímsson, yfirmaður Miðlægrar deildar lögreglunnar

Sem fyrr segir er málið enn til rannsóknar hjá lögreglu. ■

ÚTSALA
10-50%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
7.-15. janúar
Kíktu í heimsókn og gerðu góð kaup!
Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is
Patti HÚSGÖGN

Hneykslið sagt geta skaðað framgang Sjálfstæðisflokks

Ákveðin líkindi eru með Klaustursmálinu og því sem leitt hefur til brottrekstrar og starfsleyfis fimm karla nú, að mati stjórnmálafræðings. Sérfræðingar eru ekki sammála um hvort málið skaði Sjálfstæðisflokkinn til lengri tíma.

bth@frettabladid.is

JAFNRÉTTI Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur telur að hneykslismálið sem hefur leitt til brottrekstrar og í það minnsta tímabundinna starfsleyfa fimm karla vegna ásakana um kynferðisbrot gagnvart Vítalíu Lazareva kunni að hafa skaðleg áhrif á Sjálfstæðisflokkinn.

Ísey vék Ara Edwald frá störfum um helgina vegna málsins. Áður höfðu fjórir aðrir karlar stigið til hliðar eða verið sendir í leyfi. Flestir karlanna hafa haft einhverjar tengingar við Sjálfstæðisflokkinn. Þá hefur umdeilt „læk" Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur ráðherra orðið að fréttaefni.

Spurður um pólitísk áhrif málsins rifjar Ólafur Þ. Harðarson upp Klaustursmálið. Fylgi Miðflokksins hafi fyrst eftir að það kom upp minnkað um helming, braggast á ný en hrunið í kosningunum 2021.

„Kannski átti Klaustursmálið þátt í fylgishruni Miðflokksins, þó margar aðrar skýringar séu hugsanlegar," segir Ólafur.

Málin tvö eiga sameiginlegt að niðrandi framkoma gagnvart konum vakti reiði almennings í báðum tilfellum.

„Það er hugsanlegt," segir Ólafur, spurður hvort málið muni skaða Sjálfstæðisflokkinn. „Augljóslega hjálpar þetta ekki flokknum. Spurningin er hvort málið hefur áhrif á einhverja stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks. Viðhorf þeirra eru ekki endilega þau sömu og viðhorf stuðningsmanna annarra flokka," bætir hann við.

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur telur að afleiðingarnar verði fremur persónubundnar fyrir hlutaðeigandi en að málið skaði Sjálfstæðisflokkinn.

„Það er ekki hægt að yfirfæra þetta mál yfir á heilan stjórnmálaflokk."

Stefanía segir að málið kunni aftur á móti að hafa almenn áhrif á valdastöðu miðaldra karla í stjórnunarstöðum.

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur segir að hann átti sig ekki á hugsanlegum pólitískum áhrifum málsins. Það muni mjög mögulega skaða flokkinn til skamms tíma en þar sem viðkomandi teljist ekki sjálfir til forystu flokksins sé óvíst að miklar langtímaafleiðingar verði af því. ■

Frá norrænni ráðstefnu um áhrif #MeToo. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Augljóslega hjálpar þetta ekki flokknum.

Ólafur Þ. Harðarson

Eiríkur Bergmann

Stefanía Óskarsdóttir

TOYOTA HILUX

ÞJARKUR BÚINN ÞÆGINDUM

NÝ VÉL MEÐ MEIRA AFL OG DRÁTTARGETU



Verð frá: 7.470.000 kr.

Kaupauki við aukahlutina þína að verðmæti

570.000 kr.

Þú kaupir aukahluti* að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 ÁBYRGÐ 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Dagur og Heiða virðast óumdeild í efstu sætum í Reykjavík

adalheidur@frettabladid.is

Gert er ráð fyrir að Dagur B Eggertsson borgarstjóri og Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, verði nokkuð óumdeild í efstu tveimur sætum á lista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

Dagur tilkynnti í gær að hann yrði áfram í framboði og búist er við tilkynningu frá Heiðu Björgu um framboð í annað sætið.

Þótt fámennt verði í baráttu um þessi efstu sæti má að sama skapi gera ráð fyrir að nokkur fjöldi fólks gefi kost á sér í þriðja og fjórða sæti á lista flokksins en flokkurinn fékk

Baráttan verður líklega um þriðja og fjórða sætið á lista Samfylkingarinnar.

sjö menn kjörna í síðustu kosningum.

Borgarfulltrúinn Hjálmar Sveinsson hefur þegar lýst yfir framboði í þriðja sæti og búist er einnig við tilkynningu frá Skúla Helgasyni í sama sæti. Nokkrir nýliðar eru einnig taldir líklegir til að falast eftir sæti ofarlega á lista, þeirra á meðal Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu.

Konur í hópi borgarfulltrúa flokksins eru einnig líklegar til að gefa flestar kost á sér á ný, fyrir utan Kristínu Soffíu Jónsdóttur. Meðal nýrra kvenna sem líklegar þykja til framboðs ofarlega á lista er Guðný Maja Riba grunnskólakennari. ■

Skipulagsmálin og fjármál í forgrunni

bth@frettabladid.is

Helstu áherslumál í komandi sveitarstjórnarkosningum verða fjármál sveitarfélaga og skipulagsmál. Þetta segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.

Línur eru nú að skýrast í sveitarfélögum landsins, bæði hvað varðar fyrirkomulag við uppröðun og hverjir bjóði sig áfram til trúnaðarstarfa.

Þessi mál eru mjög áberandi hjá öllum sveitarfélögum. Það er rosa vöxtur – meiri vöxtur en um áratuga skeið.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri

Ásthildur er ópólitískur bæjarstjóri og segir að hún hyggist ekki sjálf fara í flokksframboð fyrir norðan. Henni líki starfið og bærinn vel og myndi þiggja bæjarstjórasætið áfram ef það byðist að loknum kosningum.

„Ég hef verið framkvæmdastjóri þessa sveitarfélags í fjögur ár og alls verið tólf ár bæjarstjóri en aldrei verið í framboði," segir hún.

Skipulagsmál hafa verið bitbein bæði í Reykjavík og á Akureyri. Dagur B. Eggertsson spáir hörðum slag um borgina og að mati Ásthildar munu helstu mál kosninganna 14. maí næstkomandi hverfast áfram um skipulagsmál, auk fjármála.

„Þessi mál eru mjög áberandi hjá öllum sveitarfélögum. Það er rosa vöxtur – meiri vöxtur en um áratuga skeið," segir Ásthildur. ■

Miklar mannabreytingar gætu orðið í hafnfirskri pólitík eftir kosningar

Framsóknarmenn í Hafnarfirði setja velferðarmálin á oddinn í vor til að fylgja eftir kosningasigrinum í október. Flestir eru þó sammála um að skipulagsmálin séu stærst.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Árangur Framsóknar og Miðflokks vakti athygli árið 2018.

MYND/HAFNARFJÖRÐUR

Samfylking, Framsóknarflokkur og Vinstri græn fá nýja oddvita fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Hafnarfirði í vor. Líklegt er að Miðflokkurinn fái hann einnig. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri vill áfram leiða lista Sjálfstæðisflokksins og Jón Ingi Hákonarson lista Viðreisnar. Oddviti Bæjarlistans liggur undir feldi.

Prófkjör verður hjá bæði Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum. Oddviti Samfylkingarinnar í bænum, Adda María Jóhannsdóttir, ætlar ekki að taka þátt í prófkjörinu en Árni Rúnar Þorvaldsson, kennari og fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar, vill leiða listann.

„Á höfuðborgarsvæðinu hefur Hafnarfjörður rekið lestina hvað varðar uppbyggingu húsnæðis. Þetta aðgerðaleysi hefur leitt til fólksfækkunar síðustu árin. Það þarf að snúa þessu við," segir Árni. Hann segir skólamálin og kjör leikskólafólks verða stór mál í vor. „Starfsfólk leikskólanna í Hafnarfirði er á lægri kjörum en í nágrannasveitarfélögunum. Meirihlutinn hefur komið illa fram við það."

„Okkur er byrjað að fjölga aftur. Uppbyggingin í Skarðshlíð tafðist fyrir nokkrum árum vegna þess að framkvæmdaleyfi fyrir raflínur var kært. Við erum nú að rétta úr kútnum og vel það. Uppbyggingin er komin á fljúgandi ferð," segir Rósa bæjarstjóri, sem myndaði meirihluta með Framsóknarmönnum árið 2018. Auk Skarðshlíðarinnar bendir hún á uppbyggingu í Hamranesi, Hrauni vestur og á þéttingarreitum. Hún segir samstarfið gott og aldrei fallið skugga þar á. „En það er líka gott fólk í öðrum flokkum og samstarfið í bæjarstjórn verið mjög gott. Við útilokum ekkert og sjáum hver vilji kjósenda verður."

Kosningarnar árið 2018 komu mörgum á óvart. Framsóknarmenn náðu í fyrsta sinn manni inn síðan 1998, og Miðflokkurinn, klofningur úr Framsókn, náði líka inn manni.

Oddviti Framsóknarmanna, Ágúst Bjarni Garðarsson, er farinn á þing og augun beinast að Valdimar Víðissyni, skólastjóra Öldutúnsskóla og formanni fjölskyldusviðs. Hann hefur ekki gert upp hug sinn.

„Við ætlum að byggja á þeim árangri sem náðist í haust og leggja verk okkar í meirihlutanum í dóm kjósenda. Við finnum meðbyr og ætlum að hamra á því fyrir kosningarnar í vor," segir Valdimar. Tekur hann undir að „mjúku málin" verði stór í vor líkt og í alþingiskosningunum. Það eru mál fjölskyldna, barna, eldri borgara, öryrkja og fatlaðra. Rétt eins og allir sem Fréttablaðið ræddi við minntist hann einnig á skipulagsmálin.

„Okkur hefur fundist skrýtið

Við finnum meðbyr og ætlum að hamra á því fyrir kosningarnar í vor.

Valdimar Víðisson, Framsóknarflokki

hversu hægt hverfaskipulagið og lóðaúthlutanir hafa gengið," segir Sigurður Þ. Ragnarsson, títt nefndur Siggi stormur, oddviti Miðflokksins. Hann segir að fundað verði brátt en allt eins líklegt að hann sjálfur verði ekki á lista.

Sigurður segir árin fjögur hafa verið lærdómsrík. „Ég fékk nýja sýn á hversu lítið fjármagn sveitarfélögin hafa milli handanna þegar þau hafa uppfyllt sínar lögbundnu skyldur," segir hann. Þá hafi deilumál tekið á, svo sem um knatthús FH og söluna á hlut bæjarins í HS Veitum sem Sigurður segir „stærstu afglöp meirihlutans".

Rósa segir söluna tvímælalaust hafa verið rétta ákvörðun. „Í fyrra þurftum við ekki að taka nein lán fyrir framkvæmdum og við erum enn að lækka skuldaviðmiðið."

Líklegt er að stillt verði upp á lista Bæjarlistans, VG og Viðreisnar. Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bæjarlistans, segist liggja undir feldi. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður VG í Hafnarfirði og fyrrverandi bæjarstjóri, segir framboðsmálin liggja fyrir á næstu fjórum til sex vikum. „Ég er búin með þetta," segir hún aðspurð um endurkomu.

Jón Ingi Hákonarson, oddviti Viðreisnar, vill leiða listann áfram. Hann býst við að hart verði tekist á um skólamál og fjárhagsstöðu bæjarins. Skipulagsmálin séu þó efst á döfinni. „Við höfum verið samvinnufús þegar kemur að því að samþykkja ný byggingarsvæði en einnig sýnt að við viljum að farið sé eftir reglum og að hlutum sé ekki breytt bak við tjöldin, eins og hefur verið hátturinn í Hafnarfirði undanfarna áratugi," segir hann. ■

2016
2021
Framúrskarandi fyrirtæki
VETRAR
ÚTSALA
PARKET
FLÍSAR
HURÐIR
GERÐU GÓÐ KAUP
ÞÚ GETUR SPARAÐ TUGI ÞÚSUNDA
DER BLAUE ENGEL
weil emissionsarm und recyclinggerecht
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Einstaklingar sem hafa smitast geti komist að hvaða afbrigði þeir voru með

birnadrofn@frettabladid.is

Um níu af hverjum tíu sem smitast nú eru með Omíkron-afbrigðið.

COVID-19 Til stendur að þeir einstaklingar sem greinst hafa með Covid-19 geti séð inni á Heilsuveru hvaða afbrigði veirunnar þeir greindust með. Þetta kemur fram á vef Embættis landlæknis.

Þar segir að 90 prósent Covid-19 sýkinga innanlands séu af Omíkron-afbrigðinu en tíu prósent vegna Delta-afbrigðisins.

Þar segir einnig að fyrirspurnum frá einstaklingum um hvaða afbrigði veirunnar þeir hafi smitast af hafi fjölgað mikið. Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að þangað inn berist ekki mikið af slíkum fyrirspurnum.

Til að greina hvaða afbrigði veirunnar er um að ræða þarf að raðgreina jákvæð sýni. Íslensk erfðagreining raðgreinir öll jákvæð sýni en um eina til tvær vikur tekur að fá niðurstöðu.

Fyrirspurnum varðandi hvaða afbrigði einstaklingar hafa greinst með verður hvorki svarað hjá Embætti landlæknis né annars staðar. Einstaklingar eru beðnir um að sýna biðlund og nálgast upplýsingarnar inni á Heilsuveru þegar þar að kemur. ■

Mikil fjölgun í Hjálpræðishernum

birnadrofn@frettabladid.is

Á rúmum mánuði fjölgaði um 37,8 prósent í Hjálpræðishernum trúfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SAMFÉLAG Á rúmum mánuði fækkaði skráðum einstaklingum í þjóðkirkjuna um 550. Þann 9. janúar voru 229.167 einstaklingar skráðir í söfnuðinn. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands.

Á tímabilinu 1. desember 2020 til 9. janúar 2021 fjölgaði um 649 meðlimi í Siðmennt, eða um 16,1 prósent. Á sama tímabili fjölgaði um 8,7 prósent eða 441 meðlim í Ásatrúarfélaginu.

Hlutfallslega fjölgaði mest í Hjálpræðishernum trúfélagi, eða um 37,8 prósent, og eru nú 175 meðlimir skráðir í félagið.

Rúmlega 29 þúsund einstaklingar eru skráðir utan trúfélaga, eða 7,8 prósent þjóðarinnar. Þjóðkirkjan er fjölmennasta trúfélag landsins og því næst kaþólska kirkjan. ■

> Rúmlega sextíu prósent Íslendinga eru skráð í þjóðkirkjuna.

Flutningur læknastofu

Hef flutt læknastofu mína
úr DomusMedica í Heilsuklasann
Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík.

Tímapantanir á milli kl. 8 og 16
í síma 599 1600.
Eldri bókanir flytjast þangað.

Helgi Jónsson, Lyf- og gigtarlæknir

Margar samverkandi ástæður valda söluaukningu á Spánarhúsum, svo sem valmöguleikinn á heimavinnu á íslenskum launum þar sem framfærslan kostar mun minna en á Íslandi. MYND/AÐSEND

Landsmenn sýna æ meiri áhuga á fasteignum á Spáni

Íslenskar fasteignasölur með eignir á Spáni segja ekkert lát á áhuga Íslendinga á eignum á sólríkari slóðum. Minna er um lántökur og að íbúðir séu seldar fyrir skóflustungur.

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Verulegur kippur hefur verið í íbúðakaupum Íslendinga á Spáni á tímum farsóttarinnar, en að sögn margreyndra fasteignasala ytra kemur þar margt til, þar á meðal lítið framboð á húsnæði heima á Íslandi.

„Það hefur verið góð og vaxandi sala," segir Aðalheiður Karlsdóttir hjá Spánareignum, en farsóttin hafi gert það að verkum að fólk vilji síður ferðast á fjarlægari slóðir og velji fremur staði eins og Spán sem það þekkir. „Svo eru margir að selja eignir í Ameríku og færa sig yfir til Evrópu."

Hún kveðst einnig hafa tekið eftir því að fólk vilji eiga sitt af ótta við sameiginlega snertifleti, en fyrir vikið „heilla stór hótel ekki eins mikið og áður," segir Aðalheiður.

Steinunn Fjóla Jónsdóttir, fasteignasali hjá Medland á Spáni, segir einnig að salan hafi rokið upp úr öllu valdi. „Í sumum tilfellum hafa kaupendur rifist um íbúðir og fyrirhugað húsnæði selst upp án þess að búið sé að taka skóflustungu," segir Steinunn Fjóla, en á síðasta ári seldi Medland 250 eignir sem var metár.

> Í sumum tilfellum hafa kaupendur rifist um íbúðir og fyrirhugað húsnæði selst upp án þess að búið sé að taka skóflustungu.

Steinunn Fjóla Jónsdóttir, fasteignasali hjá Medland á Spáni

Aðalheiður segir að kaupgeta sé greinilega góð á meðal Íslendinga, en fyrir vikið sé minna um lántökur en oft áður – og þegar ekki sé um auðugan garð að gresja á fasteignamarkaðnum á Íslandi leiti peningar og fjárfestingar annað.

Hún bendir á fleiri breytingar sem valda söluaukningu á Spánareignum, svo sem þau nýmæli að yngra fólk á Íslandi hlaupi oftar yfir sumarbústaðatímabilið heima fyrir og kaupi sér frekar frístundahús úti á Spáni. Áherslur í þessum efnum séu að breytast, fólk meti meira lífsgæði „og vilji njóta lífsins á meðan það getur fremur en að eiga það inni á efri árum," segir Aðalheiður og bætir við: „Farsóttin hefur fengið fólk til að hugsa hlutina upp á nýtt. Það vill njóta dagsins í dag."

Þróun fasteignaverðs á Spáni hefur lotið sömu lögmálum og víða á vinsælum byggingarsvæðum, en verðhækkun á aðföngum til húsasmíða hefur haft sín áhrif. Sérfræðingar telja jafnvel að enn frekari fasteignaverðshækkun sé í pípunum á Spáni, meðal annars vegna aukinnar eftirspurnar fólks sem hefur lokast af inni í stórborgum á tímum farsóttarinnar – og þar eru ekki aðeins íbúar norðanverðrar Evrópu á ferðinni heldur og íbúar í Barcelona og Madrid.

Þá er ónefnd enn einan breytan á tímum farsóttarinnar sem ýtt hefur undir þessi húsakaup á Spáni, en það er sá valmöguleiki fjölda fólks að geta unnið að heiman, en bæði Aðalheiður og Steinunn Fjóla hafa horft á þessa þróun berum augum. „Þetta á ekki síst við um yngra fólkið sem flytur út til að vinna þar á launakjörum sem miðast við íslenskan markað, í landi þar sem framfærslan er miklu viðráðanlegri en heima á Íslandi," segir Aðalheiður og Steinunn Fjóla bætir við: „Þankagangur fólks hefur breyst. Í stað þess að hika lætur fólk nú slag standa – og núið er komið ofar á listann." ■

„Hægt og rólega fann maður sjálfstraustið aukast"

Ávinningur námskeiðsins:

- Stækka þægindahringinn og auka sjálfstraust
- Rækta varanleg sambönd
- Muna nöfn og nota þau
- Veita öðrum innblástur
- Kynna hugmyndir á skýran og hnitamiðaðan hátt
- Takast á við ágreining á háttvísan máta
- Nota sannfæringarkraft og selja hugmyndir
- Stjórna streitu, kvíða og viðhorfi
- Sýna leiðtogafærni

Dale Carnegie hjálpar þér að leysa út læðingi orkuna sem í þér býr og gefur hugsunum þínum vængi. Sjáðu dagsetningar og upplýsingar um öll námskeið á **dale.is**

Dale Carnegie

„Ég mæli eindregið með Dale Carnegie. Æfingarnar sem notaðar voru á námskeiðinu voru mjög krefjandi en hægt og rólega fann maður sjálfsöryggið aukast" - Viktor Gísli Hallgrímsson

Svartur föstudagur hefur fest sig í sessi á Íslandi en mun meira var að gera í netverslun en í verslunarhúsum að þessu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Afsláttardagar hafa afar lítil áhrif á verslun í búðum

Kortavelta hækkaði mjög mikið milli október og nóvember. Afsláttardagar hafa mest áhrif á netverslun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Afsláttardagarnir í nóvembermánuði höfðu nær eingöngu áhrif á kortaveltu á netinu. Verslunin í búðunum sjálfum, það er posavelta, fór hvorki upp né niður miðað við aðra daga um neinar teljandi upphæðir.

„Það virðist vera sem þessir afsláttardagar hafi nánast engin áhrif í verslununum sjálfum. Black Friday er aðeins stærri miðað við aðra daga. Þetta er nær allt á netinu," segir Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar, sem mælir veltuna.

Alls jókst kortaveltan um 12,4 prósent í nóvembermánuði miðað við nóvember í fyrra. Aukningin í netverslun í nóvember jókst um 112,5 prósent frá októbermánuði enda jólaverslunin komin á fullt skrið og þrír stórir afsláttardagar í mánuðinum. Það er Singles' day, Black Friday og Cyber Monday.

„Fólk velur frekar að versla á Singles' Day," segir Sigrún en dagurinn á uppruna sinn í Kína og er sá nýjasti sem Íslendingar hafa tileinkað sér. 11,4 prósent af veltu netverslunar fóru fram þennan eina dag, 11. nóvember. Það er nærri tvöfalt meira en nokkurn annan dag mánaðarins. Hafa ber í huga að hinir tveir dagarnir eru í lok mánaðarins þegar fólk hefur margt minna á milli handanna.

> Fólk velur frekar að versla á Singles Day.

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar

Mesta aukningin milli ára var í tónleikum, leikhúsi og öðrum viðburðum, aukning um rúmlega 6 þúsund prósent, enda aðstæður aðrar í faraldrinum. Þá var aukning til ferðaskrifstofa 650 prósent og í gistiþjónustu allt að 270 prósent.

Gjafa- og minjagripaverslanir fengu hins vegar 39 prósentum minna í sinn hlut og sala ÁTVR dróst saman um rúmlega 17 prósent. ■

Olga Stefanishyna, forsætisráðherra Úkraínu, og Jens Stoltenberg, framkvæmdarstjóri NATO, ræddu við fjölmiðla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Víða fundað til að reyna að ná sáttum

kristinnpall@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Bjarni Benediktsson sat aukafund utanríkisráðherra ríkja Atlantshafsbandalagsins í fjarveru Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur í gær þar sem öryggismál í Evrópu og hernaðaruppbygging Rússlands í og við Úkraínu voru rædd. Fundað verður á ný í NATO-Rússlandsráðinu á morgun til að halda áfram uppbyggilegu samtali um stöðugleika í Evrópu.

Undanfarnar vikur hefur spennan aukist í alþjóðlegum samskiptum í tengslum við aðgerðir Rússlands við landamæri Úkraínu af ótta við að það komi til hernaðarátaka á landamærunum. Á fundinum í gær var lögð áhersla á að frekari brot Rússa á reglum um öryggismál gætu leitt til alvarlegra afleiðinga fyrir Rússa, á sama degi og viðræður hófust á milli fulltrúa Bandaríkjanna og Rússlands í von um að finna friðsæla lausn við landamæri Úkraínu. ■



Viltu leggja þitt af mörkum í starfi VR?

Uppstillinganefnd VR óskar eftir frambjóðendum til trúnaðarráðs VR. Áhugasöm geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið **uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12.00 á hádegi þann 21. janúar næstkomandi.**

Í samræmi við lög VR óskar uppstillinganefnd eftir frambjóðendum til að skipa lista stjórnar og trúnaðarráðs vegna listakosningar um trúnaðarráð í félaginu.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsfólks. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið. Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmdir.

Uppstillinganefnd VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍM I 510 1700 | WWW.VR.IS

VR

Valdið skiptir um hendur

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Mál málanna undanfarna viku hefur verið frásögn Vitaliu Lazareva af samskiptum sínum við nokkra áberandi, og þá, málsmetandi karla í þjóðfélaginu.

Ég játa að við fyrstu fréttir af viðtali Vitaliu við Eddu Falak í hlaðvarpinu Eigin konur velti ég fyrir mér tilganginum með því að opna sig um svo persónulega reynslu. En eftir að hafa gefið mér tíma til að hlusta á viðtalið í heild sinni og því frekar sem ég leiði hugann að hinni erfiðu frásögn, því sannfærðari verð ég um erindi hennar.

Ég, sem er komin yfir fertugt, verð reglulega að horfast í augu við þá staðreynd að þó að ég sé kona, femínisti og harður andstæðingur kúgandi áhrifa feðraveldisins, er ég líka afsprengi kynslóðarinnar sem ól mig upp og mótaði. Ég ólst upp við að sumt tali maður ekki um, skömmina beri maður í hljóði og atburði eins og þá sem Vitalia upplifði sé bæði óþægilegt að tala um og hlýða á.

Það reyndar er það: það er óþægilegt að heyra svona sögur. Það er óþægilegt að horfast í augu við að fólk sem við jafnvel berum virðingu fyrir hegði sér á þennan hátt. Það er óþægilegt að hugsa til fjölskyldna þessara manna og til þess að fjölmargar konur hafi upplifað sig í aðstæðum sem þeim leið illa í og kunnu ekki að koma sér út úr og burðuðust svo einar með afleiðingarnar.

Hún fór sjálf úr fötunum og sjálf ofan í pottinn. Hún var í sambandi við giftan mann og tók þátt í feluleiknum í kringum samband sitt við hann. Hún var heldur ekki nægilega skýr þegar farið var yfir mörk hennar. Hjónadjöful kalla hana sumir og fleiri benda á að hún hefði mátt vita betur.

Þeir sem hugsa á þennan hátt hafa ekki upplifað valdaójafnvægi á við það sem henni, rúmlega tvítugri og ástfanginni, var boðið upp á. Körlum á aldur við föður hennar var boðið upp á afnot af henni, af manninum sem hún elskaði og sannfærði hana um að ástin væri gagnkvæm. Það er ofbeldi.

Þeir voru margir og þeir voru ríkir, þekktir, voldugir og einn þeirra taldi hún að væri framtíðarmaður sinn. Þeir misnotuðu aðstöðu sína og yfirburði en Vitalia hefur snúið hlutverkunum við. Hennar er nú valdið og yfirburðirnir og þeirra er skömmin.

Viðsnúningurinn skiptir máli fyrir okkur öll, takk fyrir að taka slaginn. ■

> Þeir sem hugsa á þennan hátt hafa ekki upplifað valdaójafnvægi á við það sem henni, rúmlega tvítugri og ástfanginni, var boðið upp á.

Halldór

Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Dagurinn endalausi
Dagur múrmeldýrsins kom snemma í ár þegar jafnaðarfólk kom saman á Óðinstorgi, bankaði þrisvar og dró Dag B. Eggertsson úr híði sínu svipað og íbúar Punxsutawney í Pennsylvaníu gera 2. febrúar ár hvert til þess að fá veðurspá byggða á því hvort múrmeldýrið Phil sjái skugga eins og Dagur sá sinn og mun því bjóða sig fram að nýju. Þar með er þegar búið að hlaða í spennufall ársins þar sem Dagur sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir jól að hann væri bara hálfnaður með það sem hann ætlaði að gera í borginni. Hvort skuggi Dags hafi hingað til fallið á metnaðinn eða framkvæmdagetuna fylgdi þó ekki niðurstöðu gærdagsins.

Djúpa laugin
Íslensku sófasérfræðingarnir í Covid-málum eru í krafti nánast yfirnáttúrulegrar þekkingar og áður óþekktrar dýptar í innsæi komnir í úrvalsdeild eftir að umræðan er farin að hverfast um hvort skynsamlegt sé að skima 28 til 37 ára sem fengu Janssen og síðan Pfizer ef þeir hafa ekki sýnt einkenni í 13 klukkustundir eða hvort það dugi að taka hraðpróf. Til einföldunar er þó löngu búið að skipta almenningi í sótsvarta og elítu þannig að þeir sem ætla í Þjóðleikhúsið fara í hraðpróf en ekki þeir sem ætla að sjá Spider-Man. ■

Orkudrykkir og heilsa

Alma Möller
landlæknir

> Ef við neytum mikils koffíns getum við upplifað einkenni eins og ógleði, magaverk og niðurgang.

Koffín er örvandi efni sem bætt er í suma gos- og orkudrykki. Það kemur einnig náttúrulega fyrir í kaffibaunum, kakóbaunum og telaufi. Koffín hefur örvandi áhrif á miðtaugakerfið og getur aukið einbeitingu og minnkað syfju tímabundið. Þegar við höfum innbyrt koffín þá tekur það flesta um 4-8 tíma að losna við helminginn af koffíninu úr líkamanum en lengri tíma fyrir unglinga og barnshafandi konur. Koffín er ávanabindandi og þeir sem drekka kaffi og/eða orkudrykki reglulega geta fundið fyrir fráhvarfseinkennum, t.d. höfuðverk og pirringi, ef 12-24 tímar líða frá neyslu.

Ef við neytum mikils koffíns getum við upplifað einkenni eins og ógleði, magaverk og niðurgang. Einnig kvíða, höfuðverk, örari hjartslátt, hækkaðan blóðþrýsting og svefnerfiðleika (svefnleysi og minnkuð gæði svefns). Koffínneysla á meðgöngu getur valdið vaxtarskerðingu hjá fóstri og aukið hættu á fósturláti. Vegna þessara áhrifa hefur Matvælastofnun Evrópu gefið út viðmið fyrir neyslu koffíns fyrir mismunandi hópa (t.d. magn koffíns per kíló líkamsþyngdar). Léttari einstaklingar, eins og t.d. börn og unglingar, eru viðkvæmari.

Undanfarin ár höfum við orðið vör við mikla neyslu orkudrykkja meðal einstaklinga undir 18 ára og sýna íslenskar rannsóknir að stór hópur (31-38%) ungmenna á aldrinum 13-17 ára fer yfir viðmiðunarmörk (1,4 mg/kg) fyrir neikvæð áhrif á svefn. Að meðaltali nemur neysla orkudrykkja rúmlega helmingi af koffínneyslu framhaldsskólanema en þar á eftir koma gosdrykkir og kaffi (20% hvort). Sumir orkudrykkir hafa verið markaðssettir sem eins konar heilsudrykkir sem gefur ranga mynd í ljósi þeirra neikvæðu áhrifa sem mikil neysla þeirra getur haft á okkur. Svefn er til að mynda öllum mikilvægur til að geta tekist á við verkefni dagsins og hefur jákvæð áhrif á ónæmiskerfi, námsgetu, andlega líðan sem og vöxt og þroska barna.

Kæru landsmenn. Verum meðvituð um ávanabindandi áhrif koffíns sem og skaðsemi ef farið er yfir mörk öruggrar neyslu. Börn og unglingar eru sérstaklega viðkvæm og samkvæmt nýlegri skýrslu Áhættumatsnefndar ætti að takmarka aðgengi þessa aldurshóps að orkudrykkjum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Norræna félagið á Íslandi 100 ára

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir
formaður afmælisnefndar NF

Hrannar B. Arnarsson
formaður Norræna félagsins

Þann 29. september 2022 verða liðin 100 ár frá stofnun Norræna félagsins á Íslandi. Markmið félagsins er að efla norrænt samstarf á öllum sviðum samfélagsins, einkum í félags-, menningar- og umhverfismálum og styrkja vináttuböndin við frændur okkar á hinum Norðurlöndunum. Norræna félagið starfar í deildum víða um land og þær standa fyrir ýmsum viðburðum. Félagið annast framkvæmd margvíslegra norrænna verkefna, s.s. upplýsingaverkefnisins Info norden, Nordjobb vinnumiðlunar fyrir ungt fólk og Norrænu bókmenntavikunnar. Norræna félagið vinnur með Þjóðræknifélagi Íslendinga að Snorraverkefninu, sem gefur ungu fólki af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum möguleika á að heimsækja Ísland og kynnast landi og þjóð, og gerir íslenskum ungmennum kleift að heimsækja Íslendingabyggðir vestan hafs. Skrifstofa Norræna félagsins aðstoðar fjölda manns í viku hverri um flest það er varðar norræn málefni, stór og smá.

Norrænu félögin eiga rót sína að rekja til hugsjóna og stefnu sem uppi var á Norðurlöndunum í lok 19. aldar. Skandinavisminn var stjórnmálahreyfing sem boðaði sameiningu eða stóraukið samstarf landanna byggt á sameiginlegri menningu þeirra og sögu. Í byrjun 20. aldar var stjórnmálaástandið í Evrópu mjög ótryggt sem varð m.a. til þess að konungar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar ákváðu að efna til formlegs samstarfs milli ríkjanna. Í desember 1914 undirrituðu þeir yfirlýsingu um hlutleysi Norðurlandanna í fyrri heimsstyrjöldinni sem þá var nýhafin. Í framhaldi af því hófst samstarf hinna almennu borgara sem leiddi til stofnunar Norræna félagsins fljótlega eftir lok styrjaldarinnar, eða árið 1919 í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, árið 1922 á Íslandi og 1924 í Finnlandi. Norræna félagið í Færeyjum var stofnað árið 1951, á Álandseyjum 1970 og í Grænlandi 1991. Norrænu félögin eiga með sér öflugt samstarf innan Sambands Norrænu félaganna, FNF (Foreningerne Nordens Forbund), sem var stofnað 1965.

Norrænu félögin áttu sinn þátt í því að sameiginlegu vegabréfasvæði var komið á fót með Norræna vegabréfasambandinu (1957), sameiginlega norræna vinnumarkaðinum (1954) og samþykkt norræna tungumálasáttmálans (1981) en hann fjallar um rétt okkar til að nota eigið tungumál í samskiptum við yfirvöld annarra Norðurlanda. Hann varð seinna að norræna sáttmálanum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu (1994). Þessir samningar veita Norðurlandabúum rétt til að fara frjálsir ferða sinna um Norðurlönd, setjast þar að og sækja vinnu um leið og menn geta haldið sínum félagslegu réttindum. Þetta gerðist löngu áður en Evrópa var opnuð með Evrópusambandinu og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

> **Í tilefni aldarafmælisins mun Norræna félagið beita sér fyrir því að allt árið 2022 verði helgað norrænu samstarfi, norrænni vitund, menningu og samkennd.**

Hið nána norræna samstarf varð ekki til á einum degi. Þjóðþing Norðurlanda höfðu lengi haft náið samstarf sín á milli áður en Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og náið samstarf ríkisstjórna landanna átti sér talsverðan aðdraganda áður en það var gert formlegt með stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar 1971. Og á undan þessu öllu höfðu þjóðirnar sjálfar komist að nauðsyn þess að vinna saman og halda vinatengslum með stofnun Norræna félagsins. Því má með réttu segja að norrænt samstarf hafi þrjár meginstoðir: Norrænu félögin, Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina. Vissulega fer fram fjölbreytt og öflugt norrænt samstarf á ýmsum sviðum þjóðlífsins en þessir þrír aðilar starfa að norrænu samstarfi á grundvelli þeirrar meginhugmyndar að Norðurlönd eigi eitthvað mikilvægt sameiginlegt og eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta við lausn ýmiss konar mála.

Samstarf Norðurlanda hefur notið þess frá upphafi að eiga sér víðtækan, þverpólitískan og styrkan stuðning fólksins sem byggir Norðurlönd. Sjaldan hefur verið deilt af sannfæringu um hvort norrænt samstarf eigi rétt á sér, heldur einungis um leiðir að settum sameiginlegum markmiðum.

Í tilefni aldarafmælisins mun Norræna félagið beita sér fyrir því að allt árið 2022 verði helgað norrænu samstarfi, norrænni vitund, menningu og samkennd. Þetta verður gert með ýmsum viðburðum sem félagið mun standa fyrir en þó fyrst og fremst með því að vekja athygli almennings, stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka á hinum fjölbreyttu viðburðum og verkefnum sem eiga sér stað hér á landi og hafa einhver tengsl við Norðurlöndin. Ætlunin er að búa til yfirlit með upplýsingum um það sem er á döfinni og snertir flest svið þjóðlífsins og tengist annað hvort Norðurlöndum í heild eða einu eða fleiri norrænu landanna. Með þessu vonumst við til að vekja áhuga Íslendinga og sýna hversu mikilvægu hlutverki hið norræna og norræn samvinna gegnir í íslensku samfélagi.

Norræna félagið hefur einnig hafið söfnun á stuttum persónulegum frásögnum – örsögum – sem eiga rætur sínar að rekja til norrænna samskipta. Fólk er hvatt til að senda slíkar frásagnir af persónulegri upplifun sinni af norrænu samstarfi á netfangið orsogur@norden.is.

Sett hefur verið á fót heimasíðan www.norden100.is þar sem hægt verður að nálgast allar upplýsingar tengdar afmælisárinu og skrá viðburði og verkefni. ■

Streymisfundur um landfyllingu í Nýja Skerjafirði

Fimmtudaginn 13. janúar 2022 kl. 19.30

Streymisfundur um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar við landfyllingu í Skerjafirði verður sendur út á vef og Facebooksíðum Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg lagði fram í nóvember 2021 frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar við landfyllingu í Nýja Skerjafirði. Hægt er að leggja fram skriflegar athugasemdir og þurfa þær að berast eigi síðar en 25. janúar 2022 til Skipulagsstofnunar (*skipulag@skipulag.is*) eða til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (*skipulag@reykjavik.is*).

Reykjavíkurborg hafði frumkvæði að því að setja framkvæmd landfyllingar í Nýja Skerjafirði í mat á umhverfisáhrifum til að fá umsagnir og athugasemdir áður en framkvæmdir hefjast og til að leggja drög að mótvægisaðgerðum. Samkvæmt samþykktri aðalskipulagsbreytingu fyrir Nýja Skerjafjörð er gert ráð fyrir 1.300 íbúða byggð á svæðinu.

Upplýsingasíða um fundinn og verkefnið er *https://reykjavik.is/nyi-skerjafjordur*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Innleiðing nýrrar tegundar tollskýrslu á Íslandi tekur gildi 1. febrúar 2022

Vakin er athygli innflytjenda sem senda tollskýrslur til tollafgreiðslu hjá Skattinum úr viðskiptakerfum sínum með EDI samskiptum að lokað verður fyrir móttöku eldri tegundar skýrslu (E1) þann 1. febrúar 2022.

Frá þeim tíma verður eingöngu tekið við skýrslum á SAD formi (E2). Innflytjendur þurfa að uppfæra kerfi sín í samráði við framleiðanda eða seljanda hugbúnaðar sem fyrirtækið notar.

Innflytjendur sem kjósa að uppfæra ekki geta nýtt sér þjónustu tollmiðlara við tollafgreiðslu vörusendinga.

Skatturinn býður jafnframt upp á Vef-tollafgreiðslukerfi án endurgjalds. Fjölmörg minni innflutningsfyrirtæki nota þetta kerfi, en það hefur engar tengingar við bókhalds- eða lagerkerfi innflytjenda.

Nánari upplýsingar á *www.skatturinn.is/sad-e2*

Skatturinn | 442 1000 | Upplýsingaver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00 | JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Merkisatburðir

1569 Theódóra verður keisarynja af Býsansríki.
1693 Eldgos hefst í Etnu á Sikiley.
1935 **Amelia Earhart** flýgur einmenningsflug frá Hawaii til Kaliforníu, fyrst kvenna.
1960 Tjad lýsir yfir sjálfstæði.
1972 Austur-Pakistan verður að Bangladess.
2011 Hundruð látast í flóðum og aurskriðum í Rio de Janeiro.

†

Okkar ástkæri sonur, faðir og bróðir,

Ari Ómar Halldórsson

læknir,

lést á heimili sínu í Lubbock, Texas, þann 13. desember 2021.
Útförin verður auglýst síðar.

Halldór Marteinsson
Helen Halldórsson **Marteinn Halldórsson**
Adam Eric Halldórsson **Anna Katrín Halldórsdóttir**
Jackie Halldórsson

†

Elskuleg dóttir mín, móðir og amma,

Hrafnhildur Björnsdóttir (Bartels)

lést á líknardeild Landspítalans 31. desember 2021.

Erla Ólafsdóttir, börn og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Síðan 1996
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað

Jóhanna Eiríksdóttir

Sverrir Einarsson

Jón G. Bjarnason
Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Sigurlaug Eyjólfsdóttir

frá Framnesi, Borgarfirði eystra,

lést á Hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum 2. janúar. Útför hennar fer fram frá Bakkagerðiskirkju laugardaginn 15. janúar og hefst athöfnin klukkan 14.00.

Í ljósi aðstæðna verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd, en streymt verður frá útförinni á Facebook – Bakkagerðiskirkja.

Sigrún Skúladóttir **Gunnlaugur Haraldsson**
Björn Skúlason
Eyjólfur Skúlason **Sigrún Bjarnadóttir**
Valgeir Skúlason **Lára Vilbergsdóttir**
Anna Bryndís Skúladóttir
Andrés Skúlason **Gréta Jónsdóttir**
Emil Skúlason **Oddný Jökulsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

⚓

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Baldur Þór Bragason,

skipstjóri og stýrimaður, Ofanleiti 7, Vestmannaeyjum,

lést eftir stutt en erfið veikindi í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 15. janúar klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Vestmannaeyja, reikn.nr. 0582-26-2000, kt. 651090-2029.

Vegna aðstæðna verður fjöldatakmörkun, en athöfninni verður streymt á landakirkja.is.

Helen Arndís Kjartansdóttir
Einar Birgir Baldursson **Íris Sif Hermannsdóttir**
Trausti Ágúst Hermannsson **Telma Magnúsdóttir**
Birgit Ósk Baldursdóttir **Fannar Veigar Einarsson**
Bjartey Hermannsdóttir **Matt Garner**
Arna Hrund Baldursdóttir **Bjarni Rúnar Einarsson**
Birta Baldursdóttir
Elísabet Bára Baldursdóttir **Erlendur Stefánsson**
og barnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórður Haukur Jónsson

fyrrv. framkvæmdastjóri hjá VÍS, Sléttuvegi 27, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju, fimmtudaginn 13. janúar kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Framvísa verður Covid hraðprófi sem ekki er eldra en 48 klst. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/_XCSepnOXsM

Jón Rafnar Þórðarson **Valgerður Ásgeirsdóttir**
Björgvin Þórðarson **Þórhildur Garðarsdóttir**
Unnur Th. Söreide **Torleif Söreide**
Marta Þórðardóttir **Egill Þorsteins**
afabörn og langafabörn

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Kristjana Kristjánsdóttir

frá Klængshóli, Skíðadal,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 27. desember sl. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 13. janúar klukkan 13.

Gestir eru beðnir að framvísa neikvæðu hraðprófi sem ekki er eldra en 48 klst. gamalt. Streymt verður frá athöfninni á: https://youtu.be/xsmowWEEVmY

Eva Sigurbjörnsdóttir **Ásbjörn Þorgilsson**
Árni Sigurbjörnsson **Andrea J. Ísólfsdóttir**
Jón Ingi Sigurbjörnsson **Harpa S. Höskuldsdóttir**
Kristján Sigurbjörnsson **Anna Lísa Gunnarsdóttir**
Margrét B. Sigurbjörnsdóttir **Hermann Ó. Hermannsson**
Anna Sigurbjörnsdóttir
Bjarney Sigvaldadóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

†

Kær bróðir minn,

Gunnbjörn Hreiðar Magnússon

Tjarnartúni 19, Akureyri,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 4. janúar sl. Jarðarför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
Stefán A. Magnússon

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Jónína Þorsteinsdóttir

yfirröntgentæknir/geislafræðingur, síðast til heimilis að Víðilundi 24, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hrafnistu Hafnarfirði 5. janúar. Útförin fer fram fimmtudaginn 20. janúar kl. 13 frá Akureyrarkirkju og verður nánar auglýst síðar.

Arna H. Jónsdóttir **Guðmundur V. Óskarsson**
Hrafn Kristjánsson **Maríanna Hansen**
Vignir Ö. Guðmundsson **Sólveig Sif Guðmundsdóttir**
Björn E. Guðmundsson
Inga Dóra Glan Guðmundsd. **Krista Glan**
langömmubörn og langalangömmubarn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Garðar Svavarsson

tæknifræðingur,

lést föstudaginn 31. desember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 12. janúar, klukkan 13.

Vegna aðstæðna geta aðeins nánustu aðstandendur verið viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni, nálgast má hlekk á mbl.is/andlat.

Aðalheiður Sigurðardóttir
Sigurður M. Garðarsson **Birna Pála Kristinsdóttir**
Guðmundur H. Garðarsson **Hjördís Hjörvarsdóttir**
Þórhildur Garðarsdóttir **Egill Örn Jóhannsson**
og barnabörn.

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma,langamma og langalangamma,

Guðmunda Loftsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði, 27. desember. Guðmunda verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 13. janúar klukkan 13.00.

Allir sem vilja fylgja henni eru velkomnir en vegna sóttvarna þarf að sýna neikvætt Covid-19 hraðpróf við innganginn, tekið af viðurkenndum aðila og ekki eldra en 48 tíma. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/MMb3XrO5cRQ

Guðrún Eyjólfsdóttir **Grétar Bernódusson**
Laufey Eyjólfsdóttir **Jón Steinn Elíasson**
Páll Breiðfjörð Eyjólfsson **Svava Hlíð Svavarsdóttir**
Guðmunda Hulda Eyjólfsdóttir **Helgi Hannesson**
Eyjólfur Kristján Eyjólfsson **Zanna Persijanova**
Jónína Jóhannsdóttir
barnabörn, langömmu- og langalangömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Guðjónsdóttir

varð bráðkvödd á heimili sínu þann 4. janúar síðastliðinn.

Guðjón Harðarson **Hrönn Ólafsdóttir**
Ágúst Harðarson **Bryndís Guðjónsdóttir**
Bjarni Harðarson
Hilmar Harðarson **Laila Ingvarsdóttir**
Fanney Harðardóttir **Guðmundur Már Þorvarðarson**
María Harðardóttir **Siggeir Kolbeinsson**
barnabörn og langömmubörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 11. janúar 2022

Tómatarnir á myndinni eru í stærra lagi. FRÉTTBLAÐIÐ/GETTY

Einfaldur pestókjúklingur

oddurfreyr@frettabladid.is

Þessi ofureinfaldi kjúklingaréttur af uppskriftarvef Bailey Sissom er góð lausn þegar fólk nennir engu veseni í eldhúsinu. Það tekur um 5 mínútur að undirbúa réttinn og um 30 mínútur að baka hann.

Innihald:

3 kjúklingabringur
170 grömm af basilpestó
2 miðlungsstórir tómatar, skornir
3-6 sneiðar af mozzarella-osti

Leiðbeiningar:

Hitið ofninn í 175 gráður. Kryddið bringurnar vel með salti og pipar.

Sumir vilja hita ólífuolíu eða smjör á pönnu og setja bringurnar svo á pönnuna í 1-2 mínútur á hvorri hlið til að brúna þær á meðan ofninn hitnar, en það er ekki nauðsynlegt.

Raðið bringunum í eldfast mót eða í ofnskúffu.

Notið skeið til að þekja kjúklinginn með pestó.

Setjið 1-2 sneiðar af mozzarella-osti og tvær tómatsneiðar á hverja bringu.

Bakið í 20-30 mínútur (bökunartími er breytilegur eftir þykkt kjúklingsins og hvort kjúklingurinn hafi verið brúnaður) þangað til kjúklingurinn er ekki lengur bleikur í miðjunni.

Gott er að setja blásturinn á síðustu tvær mínúturnar eða svo, þannig að osturinn verði ljósbrúnn. Berið fram strax. ■

Sköpunargáfan hefur fylgt Árnýju Lúthersdóttur frá því hún var smástelpa. Eftir að börnin fluttu að heima eitt og eitt fann hún meiri tíma til að einbeita sér að eigin sköpun. Heimili hennar nýtur góðs af því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skreytir heimilið með skemmtilegum munum

Árný Lúthersdóttir hefur skapað og hannað frá því hún man eftir sér. Á heimili hennar eru fjölmargir skemmtilegir munir sem hún hefur búið til á undanförnum árum. 2

Séð inn í stofuna þar sem nokkrir heimagerðir munir fá að njóta sín.

Gamall ísskápur sem Árný keypti fyrir slikk. Hún lét spreyja hann og hillurnar í sama lit. Gínu-lampinn heitir Krúttmann en hún málaði hann og límdi spakmæli á hann.

Kærasti Árnýjar, Stefán, tók prófílmyndir af börnum Árnýjar sem eru fjögur talsins. Hann gerði skurðfæla og lét vatns-skera.

Rafmagnssnúra var þrædd í gegnum hattinn og úr varð skemmtilegt loftljós.

Vínrekki úr hol-steinum. Hægt er að breyta uppröðuninni eftir breyt-ingum heimilis hverju sinni.

Hér sést filma sem snýr út á pallinn. Myndum af Línunni var raðað saman og auglýsingastofa prentaði hana út.

Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Heimili Árnýjar Lúthersdóttur og Stefáns H. Jóhannessonar í Reykja-nesbæ ber þess glöggt merki að þar býr skapandi og frjótt fólk sem finnst gaman að búa til fallega og oft óvenjulega muni til að skreyta heimilið með.

Það er Árný sem á flestar hug-myndirnar en hún fær reglulega hjálp frá Stefáni sem er að hennar sögn „altmuligmand“ og hjálpar henni oft að koma hugmyndum í framkvæmd. „Ég man ekki eftir mér öðruvísi en að skapa. Þegar ég var lítil þá var handavinna uppá-haldsfagið mitt. Ég gat lokað mig af í herbergi mínu og endurraðað skartgripum, fötum og styttum tímunum saman. Það var svo ekki fyrr en að börnin fluttu að heiman hvert af öðru að ég fann tíma til að gera eitthvað skemmtilegt úr frítíma mínum, þá helst að skapa og hanna. Það má segja að ég sé alltaf með hugann við hvað ég geti gert næst og þá helst eitthvað sem kostar ekki handlegg. Einnig er ég ekki mikið fyrir að fylgja hjarð-hegðun þó að eitthvað þannig tengt rati stundum heim til mín. Ég sæki innblástur og hugmyndir mikið á Pinterest sem mér finnst algjörlega ómissandi.“

> „Ég man ekki eftir mér öðruvísi en að skapa. Þegar ég var lítil þá var handavinna uppáhaldsfagið mitt.
>
> Árný Lúthersdóttir

Næg verkefni fram undan

Hún segist aldrei sitja aðgerðalaus þegar kemur að því að hanna og endurnýja. „Núna liggur til dæmis fyrir að taka hjónaherbergið aftur í gegn þótt stutt sé síðan við gerðum það síðast. Nýlega rifum við gamalt leðursófasett í sundur og ætlum að sauma ýmislegt nýtilegt úr leðrinu. Svo er stutt síðan ég fékk mikinn áhuga á macramé, eða hnýtingum, og kem til með að slá ekki slöku við þar. Svo er að klára sólpallinn og sjá hvort ég hafi græna fingur.“

Ýmislegt í uppáhaldi

Elsti hluturinn sem Árný hefur hannað, og er enn í notkun, er líklega orðabangsinn sem hún bjó til handa yngri dóttur sinni fyrir mörgum árum. „Ég sneið hann og saumaði frá grunni. Svo skrifaði ég falleg orð til hennar á bangsann. Þessi orðabangsi mun

Brettaborð sem Árný púsaði upp og málaði. Ofan á setti hún spak-mælið „Leyfðu hverjum fugli að fljúga eins og hann er fiðr-aður“. Kúlurnar steypti hún ofan í ljósakúpla sem hún braut þegar steypan harðnaði.

Fóturinn á dekkjaborði var í geymslu lengi. Notað dekk var naglhreinsað og dekkjagljái borinn á það. Gler-plötuna fékk hún hjá vinkonu sinni.

Orðabangsann bjó Árný til handa yngri dóttur sinni fyrir mörgum árum. Á hann eru skrifuð falleg orð til hennar.

Árný og yngri dóttir hennar fóru í fjöruferð þegar hún var níu ára. Þær ákváðu að búa til Barbapabbaafjöl-skyldu úr steinunum.

því fylgja henni út lífið. Af öðrum hlutum sem ég held mikið upp á má nefna Krúttmann, sem er gínu-gólflampi, og svo bretta-sófaborðið. Stærðin á borðinu hentar okkur vel og það er alveg extra gott að hafa fæturna upp á því. Svo bara mála ég það aftur og aftur ef mig langar til að breyta til.“

Gaman að fá hrós

Árný segir munina fá mikla athygli frá vinum og ættingjum. „Það er alveg lúmskt gaman að monta sig á Facebook og fá hrós frá vinum og vandamönnum þegar vel tekst til. Svo ég tali nú ekki um þau jákvæðu viðbrögð sem ég hef fengið í Facebook-hópnum Skreytum hús.“ ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið rit-stjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Bílablaðið

11. JANÚAR 2022

Önnur kynslóð Lexus NX í reynsluakstri

Lexus-merkið hélt kynningu á nýjum Lexus-bílum á eynni Mallorca í byrjun vetrar en bíllinn er nú á leið í sýningarsali merkisins á Íslandi. Breytingarnar eru litlar að utanverðu en þeim mun meiri að innanverðu. 6

MYND/KRISTRÚN TRYGGVADÓTTIR

BMW iX er fyrst og fremst þægilegur en um leið sportlegur rafjeppi sem keppir við Tesla Model X. 4

Chevy frumsýndi um daginn rafdrifna pallbílinn Silverado EV á raftækja-sýningunni í Las Vegas. 2

Toyota mætir með tvo spennandi kraftabíla á bílasýninguna í Tókýó í lok vikunnar. 5

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN
EXIDE TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

REKSTRARLAND
olís

Með skemmtilegri möguleikum Silverado EV er stillanlegur pallur sem má lengja með því að opna miðrýmið eða leggja niður afturhlera.

Silverado EV rafpallbíllinn frumsýndur í Las Vegas

Rafdrifnir pallbílar ætla að verða heit söluvara á næstunni enda vinsælustu bílarnir vestanhafs.

njall@frettabladid.is

Skjárinn í miðjustokki er 17 tommur og 11 tommur fyrir framan ökumanninn en einnig verður framrúðuskjár af stærri gerðinni.

Raftækjasýningin í Las Vegas er að verða að bílasýningu ef marka má fjölda frumsýninga nýrra rafbíla þar. Chevy frumsýndi fyrsta rafbíl merksins sem er nýr Silverado EV pallbíll. Hann mun koma í tveimur útfærslum til að byrja með, öflugri RST First Edition útgáfu og vinnubílnum WT (Work Truck). Báðir bílarnir koma með meira en 650 km drægi að sögn Chevy. Þegar er hægt að leggja inn pantanir á bílnum erlendis.

Silverado EV er byggður á sömu grunnplötu og Hummer-rafjeppinn og mun nota sömu Ultium-rafhlöðuna. RST-útgáfan verður mjög öflug eða 664 hestöfl og fer í hundraðið á undir 4,5 sekúndum. Það er á pari við Ford F-150 Lightning og þriggja mótora Cybertruck Tesla. Um vel búinn bíl verður að ræða með fullt af flottum fídusum. Má þar nefna fjórhjólastýringu, loftpúðafjöðrun, rafstillanlegu miðrými sem getur stækkað pallinn, 17 tommu snertiskjá í miðjustokki, 14 tommu framrúðuskjá og margt fleira. Bíllinn getur hlaðið á allt að 350 kW sem eru um 160 km á 10 mínútum þegar það er í boði. Hægt verður að fá allt að 10,2 kW frá rafhlöðu bílsins sem getur séð heilu heimili fyrir orku eða hlaðið annan rafbíl ef út í það er farið. Þetta er fjórum sinnum meira en í grunnútgáfu Ford F-150 Lightning en hægt er að fara uppí 9,6 kW í dýrari útgáfum. Bíllinn er þó ekki alveg að komast í framleiðslu eins og Fordinn, en fyrstu Silverado EV-bílarnir munu koma af færibandinu vorið 2023. ■

Nýr Sony Vision S 02 er svipaður tesla Model Y að stærð.

Sony sýnir tilraunabíl númer tvö

njall@frettabladid.is

Sony frumsýndi á CES-raftækjasýningunni í Las Vegas annan tilraunabíl sem heitir Vision S 02. Japanski tæknirisinn vakti mikla athygli þegar hann sýndi bíl á sömu sýningu árið 2020 en með þessum bíl þykir fyrirtækið sýna fram á væntingar sínar til bílaframleiðslu. Fyrsti bíllinn var Vision-S sem var á pari við Tesla Model S en nýi bíllinn er stór, sjö sæta jepplingur. Að sögn Sony var fyrri bíllinn aðeins prófunartæki fyrir 5G-tækni Sony en bíllinn var smíðaður af Magna Steyr í Austurríki sem meðal annars smíðar Jagúar I-Pace.

Bíllinn er 4.850 mm langur og er á sama undirvagni og Vision-S. Hann er búinn tveimur 200 kW rafmótorum sem gefur honum fjórhjóladrif og 536 hestöfl í götuna. Búast má við hröðun um fimm sekúndur í hundraðið. Að innan er snertiskjár sem nær yfir alla breidd bílsins í mælaborðinu, auk tveggja skjáa á höfuðpúðum framsæta fyrir aftursætisfarþegana. Í yfirlýsingu frá Sony þykir margt benda til þess að Sony ætli sér stærri hluti á bílamarkaði því að þar segir meðal annars „að til að flýta fyrir þróun farartækja ætlar Sony að stofna sér fyrirtæki sem kallast mun Sony Mobility Inc. sem fer af stokkunum vorið 2022, með áherslu á að koma inn á rafbílamarkaðinn.“ ■

Eins og búast má við af sjónvarpsframleiðanda eru snertiskjáir í bílnum hvert sem litið er.

» Fyrsti bíllinn var Vision-S sem var á pari við Tesla Model S en nýi bíllinn er stór, sjö sæta jepplingur.

Ný GR-útgáfa af Hilux væntanleg

njall@frettabladid.is

Í stíl við útlit fjórðu kynslóðar Hilux frá kringum 1980 er grillið með Toyota-merkingu í stað merkisins.

Toyota hefur frumsýnt nýja útgáfu Hilux-pallbílsins sem heitir einfaldlega GR Sport. Er þá ekki einungis um að ræða útlitspakka heldur er bíllinn með endurhannaðri fjöðrun og dempurum ásamt stífari gormum að framan sem bæta eiga aksturseiginleika.

Þessi útgáfa verður með 2,8 lítra vélinni og skilar hún 201 hestafli svo eflaust er verið að höfða til kaupenda Ford Ranger Raptor sem hefur verið vinsæll hérlendis sem erlendis.

Að innan verður sportinnrétting með GR-merktum sætum og mottum ásamt álpedulum. Bíllinn mun áfram geta dregið 3,5 tonn og borið tonn á pallinum þrátt fyrir breytingarnar. Von er á bílnum á markað í sumar en hingað kemur hann á seinni hluta ársins. ■

Tesla Model Y er söluhæsti bíllinn í nóvember í Noregi með yfir 1.000 bíla.

Söluhlutdeild rafbíla yfir 90% í Noregi

njall@frettabladid.is

Í nóvembermánuði náðist sá árangur í Noregi að 91,2% seldra fólksbíla voru með rafhlöðu. Er þar átt við bæði rafbíla og tengiltvinnbíla, en hreinir rafbílar voru samt með 73,8% af heildarsölunni. Heildarhlutfall ársins eru 85,7% batterísbílar og hreinir rafbílar 64,2%. Hæst hefur hlutfallið verið á þremur síðustu mánuðum og í september náði hlutfall rafbíla í 77,5% með stórri sendingu frá Tesla.

» Það er hinn nýkomni Tesla Model Y sem er söluhæstur í nóvembermánuði með 1.013 bíla og er Model 3 í öðru sæti með 770 bíla.

Búast má við svipuðum tölum fyrir desembermánuð. Bensínbílar eru nú aðeins 2,3% af sölu bíla í Noregi sem er það lægsta í sögunni. Þótt dísilbílum sé bætt við nær hlutfall bensín- og dísilbíla aðeins um 5 prósentum. Líkt og víða annars staðar er Tesla í efstu sætum með Model 3 og Model Y.

Er það hinn nýkomni Model Y sem er söluhæstur í nóvembermánuði með 1.013 bíla og er Model 3 í öðru sæti með 770 bíla. Sá rafbíll sem er í þriðja sæti er VW ID.4 með 719 selda bíla en hann hefur selst vel allt árið. ■

1. Tesla Model Y 1013
2. Tesla Model 3 770
3. VW ID.4 719
4. Audi Q4 e-Tron 660
5. Nissan Leaf 655
6. Polestar 2 501
7. Ford Mach-E 489
8. Skoda Enyaq 488
9. Hyundai Ioniq 5 475
10. Porsche Taycan 417

Fagnaðu nýju ári

ID.4 GTX

Fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX
að þínum óskum og pantað
draumabílinn á **www.hekla.is/gtx**

Fjórhjóladrifinn ID.4 GTX

Nýr ID.4 GTX er fullvaxinn, fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann er sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lyklalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Komdu í reynsluakstur!**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU **5**

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFHLÖÐUM

Fylgdu okkur! **@volkswagen**

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

BMW iX xDrive40

KOSTIR
- Þægindi
- Tæknibúnaður

GALLAR
- Farangursrými
- Vantar fleiri hólf

Grunnverð: 10.990.000 kr.
Hestöfl: 326
Tog: 630 Nm
Hröðun 0-100 km: 6,1 sek.

Hámarkshraði: 200 km/klst.
RL/B/H: 4.953/2.230/1.696 mm
Hjólhaf: 3.000 mm
Farangursrými: 500 lítrar

Eigin þyngd: 2.365 kg
Dráttargeta: 2.100 kg

BMW iX – Fyrst og fremst þægilegur

BMW hefur löngum vakið athygli fyrir sérstakt útlit sem er auðþekkjanlegt svo ekki sé meira sagt. Sitt sýnist hverjum um þá útlitsstefnu sem ríkir hjá þýska merkinu um þessar mundir en óhætt er að segja að merkið fari sínar eigin leiðir.

BMW iX er kraftmikill bíll og þá einnig í grunnútgáfu sinni. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Kannski var það bara umræðan sem hafði haft sín áhrif en þegar undirritaður fékk bílinn til prófunar virkaði hann ekki nærri því eins agressífur í eigin persónu og þegar maður sá hann fyrst á mynd.

Bíllinn er markaðssettur af BMW sem flaggskip tækni merkisins og maður verður strax var við það þegar sest er inn í bílinn. Að vísu er sexhyrnt stýrið frekar óvenjulegt en manni verður starsýnt á breiðan, tvískiptan skjáinn sem nær yfir mælaborðið og miðjustokkinn. Hann er svo stór að hægt er að hafa marga glugga opna í einu, og ef það er ekki nóg er mjög skýr framrúðuskjár fyrir framan ökumann líka. Eini gallinn við skjáinn er hversu langt er að teygja sig í snertihluta hans, en sem betur fer er i-Drive kerfið á sínum stað og aldrei fullkomnara en einmitt í þessum bíl. Skrunhnappurinn er nú úr gleri, eins og stýringar fyrir rafstillt sætin, sem nú eru í hurðinni eins og hjá erkióvininum Benz. Takkarnir kringum skruntakkann eru felldir undir viðarplötu og eru baklýstir svo að það er einfalt að nota þá. Það er kannski helst að framsætisfarþega vanti hólf fyrir smærri hluti en hanskahólfið í þessum bíl er bara grín. Gott hólf í miðjustokki bjargar málum en það er ekkert einfalt að leggja smærri hluti frá sér í þessum bíl og betra að hafa þá áfram í vasanum. Loks eru sætin rúmgóð og með háu baki svo að þau eru mjög þægileg á lengri keyrslu.

Þegar kemur að akstrinum er margt sem mælir með þessum bíl. Hann er fyrst og fremst einstaklega hljóðlátur og þægilegur í akstri en jafnframt næmur í stýri og pedölum. Hann er jafnvel örlítið of næmur í rafstýrðri inngjöfinni því að hún er létt og maður finnur fyrir öllum ójöfnum í veginum gegnum hana.

Bíllinn kemur í tveimur fjórhjóladrifnum útfærslum sem nota sömu rafmótorana, xDrive40 sem er 326 hestöfl og xDrive50 M sem er 523 hestöfl. Munurinn liggur í rafhlöðunni sem gefur mótorunum meiri straum í 111,5 kWst rafhlöðu 50 bílsins sem er aðeins 4,6 sekúndur í hundraðið. BMW iX er líklega einn besti rafdrifni dráttarbíllinn á markaðinum í dag því hann dregur hvorki meira né minna en 2.500 kíló í öflugri útfærslunni. Hann bætir því rúmum 200 kílóum við dráttargetu Tesla Model X og gefur öðrum keppinautum langt nef þegar kemur að þessum þætti.

Eins og venjulega í reynsluakstri á nýjum bíl var stoppað á góðum stað til að skoða aðgengi og ofan í húddið. Í stuttu máli er plássið gott í aftursætum og aðgengi gott fyrir utan það hvað sílsi bílsins nær utarlega. Farangursrými er minna en búist var við og bæði hátt upp í það og nokkuð þröngt til hliðanna. Það tekur um 500 lítra sem er talsvert minna en hjá sambærilegum bílum. Þegar kom að því að skoða ofan í húddið vandaðist málið því að opna það er ekki eins augljóst og ætla mætti. Í raun og veru er aðgengi að því aðeins ætlað tæknimönnum BMW en með smá íslenskri þrjósku tókst okkur að finna út úr því hvernig það er opnað. Þar var ekkert húddrými að sjá og engin ástæða fyrir ökumann til að rýna neitt ofan í það. Meira að segja áfyllingin fyrir rúðupissið er falin undir BMW-merkinu svo það þarf ekki að opna húddið til að komast að því heldur.

BMW iX er ekki ódýr bíll en ódýrari útfærsla hans kostar frá 10.990.000 kr. og 50 bíllinn frá 13.990.000 kr. Tesla Model X hefur það fram yfir Bimmann að vera sjö manna en kostar líka 15.963.351 kr. með virðisaukaskatti. Audi e-tron 55 er ívið ódýrari í grunninn en fara þarf eiginlega í e-tron S til að fá sambærilegan pakka og í 50 bílnum, en S-línan kostar frá 15.990.000 kr. Í þeim samanburði stendur iX sig vel, sérstaklega í dýrari útfærslunni. ■

Eins og sjá má er frekar þröngt um farangur og hátt upp í farangursrýmið.

Skjárinn er sambyggður og nær einnig yfir miðjustokk og er hægt að opna marga glugga í einu.

Það er ágætispláss í aftursætum og fyrir framan eru tvö USB-tengi.

Til að fylla á rúðupissið er farið undir BMW-merkið á húddinu.

Innfelld hurðahandföng eru smekkleg og þægileg í notkun og skemma ekki loftmótstöðuna.

Bílstjóra er ekki ætlað að opna húddið enda ekkert farangursrými þar undir.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

2. TBL. 11. JANÚAR 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Þátttakandi
í íslensku
atvinnulífi
í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Glæsilegt einbýlishús er til sölu við Skildinganes.

Vandað einbýli í Skerjafirði

Eignamiðlun kynnir vel staðsett og vandað 312,5 fm einbýlishús í Skerjafirðinum. 49 fm innbyggður bílskúr, með 100 fm þaksvölum með heitum potti.

Húsið skiptist þannig: Neðri hæð: tvö til þrjú svefnherbergi, eldhús, þvottahús, sjónvarpsstofa, stofa og borðstofa, eitt gestasalerni, bílskúr.

Efri hæð: vinnustofa, hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi, opið vinnuherbergi/sjónvarpsherbergi, baðherbergi.

Komið er inn í flísalagt anddyri með gestasnyrtingu. Eldhúsið, borðstofan, dagstofan og arinstofan mynda eina samfellda heild sem er með fram allri suðurhlið hússins.

Gengið er út á timburverönd úr eldhúsi. Einnig er gengið út í garðinn að vestanverðu. Dagstofan og arinstofan eru með mikilli lofthæð þar sem efri hæðin er ekki yfir þeim. Horft er niður í dagstofuna og arinstofuna úr alrýminu og gangi sem er fyrir framan hjónaherbergi og baðherbergi.

Á efri hæð er gengið út á 100 fermetra þaksvalir. Gott birtuflæði er í húsinu.

Á gólfum eru ýmist flísar eða vandað parket. Gólfhiti er í öllu húsinu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar úr kirsuberjaviði og með granít borðplötum.

Baðherbergið er með glugga, baðkari, sturtuklefa, innréttingu og flísalagt í hólf og gólf. Baðherbergi hjóna er með sturtu og glugga.

Gegnheilt parket er í húsinu ásamt náttúrusteini að hluta til, gólfhiti er í húsinu.

Lýsingu hannaði Helgi í Lumex. MORA-blöndunartæki í eldhúsi og handlaugum baðherbergja, innbyggð VOLA blöndunartæki í sturtum og baðkari, MIELE-ofn, örbylgjuofn og gaseldavél. Þar sem lofthæð er mikil eru sérsmíðaðar hljóðgildrur i lofti. ■

Húsið er með vönduðum innréttingum og vel hannað.

Stofan er rúmgóð og björt.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson, löggiltur fasteignasali, í síma 824-9093, tölvupóstur: kjartan@eignamidlun.is eða skrifstofa Eignamiðlunar, Grensásvegi 11, sími 588-9090.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Viðskiptablaðið Keldan

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Höfum fjölda kaupenda á skrá að eftirtöldum eignum

- *Garðabær – Einbýlis- rað og parhús óskast*
- *200 Kópavogur og 201 Kópavogur – Einbýlis – rað og parhús óskast*
- *Norðlingaholt – Selás - Árbær - Einbýlishús með 4 – 5 svefnherb. óskast*
- *Garðabær – Akra- og Sjálandshverfi – 3ja – 4ra og 5 herbergja íbúðir óskast*

Naustavör 34 – Kópavogi. 3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Glæsileg og björt 112,3 fermetra 3ja herbergja íbúð að meðtaldri 8,4 fermetra geymslu á 1. hæð í lyftuhúsi á þessum eftirsótta stað við Naustavör í vesturbæ Kópavogs. Stæði í bílageymslu fylgir.
- Hvítlökkuð/viðarinnrétting frá Brúnás og eyja er í eldhúsi. Vínyl parket er á gólfum nema á þvottaherbergi og baðherbergi sem eru flísalögð.
- Innfelld lýsing er í hluta af stofum og í eldhúsi.
- Svalir til vesturs eru út af eldhúsi.
- Rúmgóð stofa.
- Fataherbergi er inn af hjónaherbergi.

Verð 74,9 millj.

Höfum áratuga reynslu af sölu og leigu atvinnuhúsnæðis. Skráið eignina hjá okkur.

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

Álftamýri 58, 108 Rvk.
2JA HERBERGJA ÍBÚÐ Á 4JU HÆÐ.

Góð 2ja herbergja íbúð á 4ju hæð (efstu) í vel viðhöldnu fjölbýlishúsi. Íbúðin er skráð 44,3fm og geymsla 7,1fm samtals 51,4fm. Alrlými með fatahengi/stofu og plastparketi á gólfum, eldhús með fallegri ljósri innréttingu. Svefnherbergi með plastparketi. Útgengt út á svalir frá svefnherbergi. Baðherbergi m/baðkari og sturtuhaus, fallegar hvítar innréttingar á veggjum og dökkar flísar á gólfum.
Verð 37,9 milljónir. Nánari upplýsingar gefur einarm@fold.is / 893-9132.

Flókagata 4, 105 Rvk.
250 FM PARHÚS / 3 ÍBÚÐIR.

Fold fasteignasala 552-1400 kynnir: Flókagata 4, 105 Rvk., 250 fm parhús á þremur hæðum sem er í dag á tveimur fastanúmerum með þremur íbúðum. Eign sem bíður uppá mikla möguleika. Sameiginlegur inngangur fyrir 1. og 2. hæð en sérinngangur í kjallara. Nánari upplýsingar á skrifstofu.
Óskað er eftir tilboði.
Bókið skoðun á fold@fold.is eða hjá fasteignasölum Foldar.

Til leigu í Hlíðarhverfi, 105 Rvk.
3JA HERBERGJA FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI.

Til leigu: Glæsileg og ný 3ja herbergja íbúð á 1.hæð/jarðhæð í Hlíðarhverfi, Rvk. Íbúðin er skráð rúmir 100 fm. og geymsla tæpir 10 fm.
Leiguverð 240 þús á mánuði + rafmagn. Ísskápur og uppþvottavél í eldhúsi fylgja. Tvö svefnherbergi. Yfirbyggðar svalir. Þetta er glæsileg eign sem leigist einungis fólki sem er 60+.
Nánari upplýsingar á skrifstofu: 552-1400 / fold@fold.is

Akralind 3, 201 Kóp.
GLÆSILEGT ATVINNU- OG LAGERHÚSNÆÐI.



Glæsilegt og vandað fullfrágengið ca. 640 fm atvinnu- og lagerhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og skiptist í lagerhúsnæði með góðu aðgengi, tvær rúmgóðar skrifstofur, opið skrifstofurými, tæknirými, fundarherbergi, eldhús og tvær snyrtingar. Opið skrifstofurými á efri hæð með kaffikrók og útgengi á svalir. 23 bílastæði. **Verð tilboð.**
Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.

Sætún á Kjalarnesi,
REYKJAVÍK.

Tvær eignalóðir með atvinnuhúsnæði og byggingarrétti á Kjalarnesi. Á annarri lóðinni er 630 FM endurnýjað atvinnuhúsnæði með innkeyrsludyrum auk 850 FM byggingarrétts. Á hinni lóðinni er 2319 FM byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði, teikningar og hugmyndir liggja fyrir, en kaupandi getur mótað svæðið að sýnum hugmyndum. Miklir framtíðarmöguleikar á svæðinu með tilkomu Sundabrautar.
Allar nánari upplýsingar veittar á Fold fasteignasölu, fold@fold.is.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

TRAUSTI fasteignasala

Vegmúla 4
108 Reykjavík
s.546-5050
trausti@trausti.is
trausti.is

Inga Reynis
s: 820-1903

Kristján
S: 867-3040

OPIÐ HÚS

Torfufell 48 – 111 Reykjavík

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 11. JANÚAR KL. 17:30-18:00

Sérstaklega opin og falleg 4ra herb. 99,8 fm. íbúð með garðskála sem ekki er inni í fermetratölu. Garðskálinn er með upphituðu gólfi. Nýhellulagður garður með nýrri girðingu. Sérmerkt bílastæði fylgir eigninni. Stutt í útivistarsvæði og helstu þjónustu.
Nánari upplýsingar veita Inga Reynis s: 820-1903 og Kristján lögg. fasteignasali s: 863-3040 **Verð: 45,9 mill**j.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

Þórhallur Blering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Páll Pórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Birkiteigur 8
230 Keflavík

160 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt íbúð í bílskúr

- Fimm svefnherbergi
- Þrjú baðherberbi
- Tvö eldhús
- Tvær stofur
- Þvottahús
- Garður

Verð: **75 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Steinar - gistiheimili
240 Grindavík

158,9 fm einbýli/gistiheimili með góðum leigutekjum

- Sex herbergja gistiheimili á góðum stað í Grindavík
- Eignin er að mestu endurnýjuð, bæði innandyra sem og utan
- Góðir leigutakar
- Bílskúr skráður ca 30 fm
- Lóðin er 1098 fm að stærð

Verð: **54,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Sjónarvegur 3
210 Garðabær - íb. 301

Sérlega björt og falleg 3ja herbergja 108,1 fm endaíbúð auk stæðis í bílageymslu

- Mjög gott útsýni og góðar suðvestursvalir
- Tvö góð svefnherbergi og sér þvottahús innan íbúðar
- Opin samliggjandi stofa og fallegt eldhús með eyju og steinn í borðum

Verð: **73,5 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Hlíðarvegur 46
200 Kópavogur

Einbýlishús 186 fm með aukaíbúð í suðurhlíðum Kóp.

- Miðhæð: Anddyri, geymsla, baðherbergi og þvottahús, eldhús hol, borðstofa og stofa.
- Efri hæð: 4 svefnherbergi, svalir úr aðalsvefnherbergi, baðherbergi.
- Aukaíbúð í kjallara sem er skráð 35,5 fm

Verð: **120 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000

Með þér alla leið

Vatnsstígur 20-22
101 Reykjavík - íb. 305

Falleg 2ja herbergja 74,6 fm íbúð á 3. hæð

- Stofa og eldhús í opnu rými
- Svefnherbergi, baðherbergi, og sér þvottahús
- Stórar svalir til suðvesturs
- Lofthæð er um 2,7 metrar.
- Gólfhiti
- Stutt er í iðandi mannlíf, alla þjónustu; verslanir, veitingastaði og afþreyingu

Verð: **62 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Hrafnhólar 6-8
111 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi

- Gott alrými þ.e stofu og eldhús, endurn. innréttingar
- Þrjú svefnherbergi
- Geymsla í sameign
- Fullbúinn 26 fm bílskúr

Verð: **54,9 millj.**

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Dugguvogur 7
104 Reykjavík - íb. 304

- **145fm – 4 herbergja endaíbúð með 2 bílastæðum í bílakjallara**
- Stór stofa m/ gluggum í 3 áttir.
- 2 baðherbergi m/ sturtu.
- Afhending í lok febrúar.

Verð: **85,9 millj.**

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hreidar@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 6912312
osa@miklaborg.is

Hverfisgata 92
101 Reykjavík

Glæsilegar 2 - 4 herb. 99,7 - 146,4 fm íbúðir

- Gólfhiti í öllum íbúðum
- Mikil sameign og margar íbúðir sérstæðar og liggja ekki að öðrum íbúðum
- Snjallíbúðir
- Fallegur inngarður
- Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum

Verð frá: **82,9 millj.**

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hreidar@miklaborg.is

Vogur - Fellsströnd
371 Dalabyggð

Jörðin VOGUR á Fellsströnd, um 250 ha, frábærlega staðsett með útsýni út Hvammsfjörð og út á Breiðafjörð

- Góður 1.350 fm húsakostur
- Hótel 765 fm á 2 hæðum.
- Mat- og samkomusalur f. 80
- 10 lúxus svítur, með baði
- 18, 2-4ra manna herbergi, öll með baði
- 165 fm uppgert einbýlishús
- 45 hektara ræktuð tún

Verð: **Tilboð**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali

Skólavörðustígur 3
101 Reykjavík

- **Góð 130 fm 3 - 4 herb. hæð í miðborginni**
- 3 - 4 herbergja íbúð
- Nýtt í dag sem skrifstofuhúsnæði
- Uppgert
- Frábær staðsetning í miðbæ Reykjavíkur

Verð: **88,9 millj.**

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hreidar@miklaborg.is

Ártunga 2

Ártunga 2 stendur við mjög fallegan stað við Brúará

- Eignin er 30 fm og að auki er grunnur fyrir annan 30 fm bústað, undirstöður ásamt öllum lögnum, tilbúið til byggingar.
- Hlauptungufoss og flúðir fyrir neðan hann og Miðfoss fyrir ofan

Verð: **29,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Akralind 3

Samtals 639,7 fm - Skrifstofu- og lagerhúsnæði á góðum stað miðsvæðis

- Húsnæðið er á þremur hæðum
- Góð aðkoma beggja vegna
- Næg bílastæði

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Leita að ...

- **Sérbýli** í vesturbænum
- **Hæð** í Teigum eða Lækjum
- **5 herbergja** fjölbýli í vesturbænum

HAFIÐ SAMBAND
við Gunnar í síma **899 5856**

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Brekkutröð 1

Atvinnuhúsnæði 143,6 fm að stærð.

- Stór bílskúrshurð. Sérinngangur.
- Malbikað plan framan við húsnæðið.
- Milliloftið er 37,1 fm

Verð: **40,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 **Íris Arna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Breiðamörk 8 lóð

Lóð með byggingarétti

- Byggja má 478 fm, þar af 239 fm íbúðarfermetrar á annarri hæð og 239 fm á jarðhæð fyrir verslun.
- Svipað útlit og Breiðamörk 10.

Verð: **50,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 **Íris Arna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Klettatröð 8

Sérlega vandað 1815 fm skrifstofuhúsnæði á Ásbrú í Reykjanesbæ.

- 1815 fermetrar á tveimur hæðum.
- Stórt malbikað bílastæði fyrir framan húsið.
- Stór garður fyrir aftan húsið.

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

AFGIRT LÓÐ MEÐ ÖRYGGISHLIÐUM

Brúarfljót 5

Verð frá **36.900.000**

Iðnaðarbil ↔ frá 108 fm

Afhending í apríl 2022

Ný atvinnubil á höfuðborgarsvæðinu

Ný iðnaðarbil að Brúarfljóti 5. Bilin skilast með fullfrágengnum vinnslusal sem og afstúkaðri kaffistofu með borðplötu og vaski og salernisaðstöðu með handlaug og ræstivaski. Iðnaðarhurð (b 4.0m/ h 4,2m) með rafopnun, hver hurð með einni gluggaröð. Gönguhurðir að framan og aftan auk glugga. Möguleiki á að setja milliloft.

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
824 9098

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

MARKAÐURINN

Markaðurinn

Miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra þau Helgi Vífill Júlíusson, Magdalena Anna Torfadóttir og Elínu Hirst.

HRINGBRAUT

Ert þú best(ur) í birtingum?

Pipar\MEDIA leitar að öflugum birtingaráðgjafa til starfa á líflegum og skapandi vinnustað. Birtingaráðgjafi starfar náið með birtingastjóra og viðskiptastjórum og þarf að geta unnið bæði sjálfstætt og með öðrum.

Starfssvið \ hæfniskröfur
- Gerð birtingaáætlana
- Samskipti við fjölmiðla og viðskiptavini
- Greining og úrvinnsla gagna
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og þjónustulund
- Sérlega góð samskiptahæfni

Menntun \ reynsla
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð tölfræðiþekking
- Reynsla af birtingum er æskileg

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á **umsoknir@pipar-tbwa.is**.
Umsóknarfrestur er til 16. janúar.

Pipar\TBWA er alþjóðleg auglýsingastofa með skrifstofur í Reykjavík og Osló.
Við höfum að leiðarljósi að skila hámarksgæðum og framúrskarandi árangri
á sveigjanlegum og fjölskylduvænum vinnustað.

Pipar\TBWA

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Tesla Model S sem fyrirtækið ONE setti 203,7 kWst rafhlöðu í.

Tesla nær 1.210 km úr tilraunarafhlöðu

njall@frettabladid.is

Tesla Model S sem útbúin var með tilraunarafhlöðu frá öðru fyrirtæki náði á dögunum 1.210 km drægi í einni ferð. Tilraunarafhlaðan kallast Gemini og er 203,7 kWst en hún kemur frá fyrirtæki sem kallast ONE, sem stendur fyrir Our Next Energy. Var meðalhraðinn í ferðinni tæpir 90 km á klst. Fyrirtæki segir að með rafhlöðu eins og þessari verði nauðsyn þess að stoppa nokkrum sinnum á lengri ferðum óþarfi og að fleiri kaupi bíla án drægiskvíða, sem forstjóri fyrirtækisins segir að sé það sem haldi aftur af flestum kaupendum í dag. ■

Tilraunarafhlaðan kallast Gemini og er 203,7 kílóvattstundir.

Nýr Vantage verður líklega með V12-vél þegar hann kemur á markað.

Njósnamynd af Aston Martin Vantage

njall@frettabladid.is

Náðst hafa nýjar njósnamyndir af nýjum Aston Martin V12 Vantage við lokaprófanir en von er á bílnum á markað seinna á árinu. Þótt ekki sé búið að tilkynna hvaða vél verði í bílnum er búist við að það verði sama V12-vél og í DB11 sem skilar um 600 hestöflum. Með stærri vél breytist bíllinn nokkuð í útliti eins og sjá má á stærra grilli og vindkljúfi. Auk þess má sjá loftúttök á vélarhlífinni sem á að auka loftflæði um vélina. Vantage-bíllinn verður líklega síðasti bíll merksins með V12-vélinni en fyrsti 110% rafdrifni bíll Aston Martin verður frumsýndur árið 2025. ■

Toyota GR GT3 verður einnig frumsýndur í lok vikunnar og virðist vera nýr bíll eins og sjá má af langri vélarhlífinni.

Enn öflugri GR-bílar frá Toyota verða sýndir í Tókýó

Hin nýstofnaða GR mótorsportdeild Toyota dælir nú út bílum á færibandi. Er það að frumkvæði forstjórans Akio Toyoda sem vill enga leiðinlega bíla framar.

njall@frettabladid.is

Toyota mun kynna tvo nýja GR-bíla á bílasýningunni í Tókýó 14. janúar næstkomandi. Um er að ræða enn öflugri útgáfu Yaris GR, en núverandi GR-útgáfa skilar 257 hestöflum út úr þriggja strokka 1,6 lítra vélinni. Eins og sjá má á myndum er bíllinn með stærri vindkljúf að framan og vindskeið að aftan og búast má við endurbótum á grind og undirvagni bílsins.

Auk hans er von á nýjum tilraunabíl frá Toyota sem kallast GR GT3 og eins og segir í frétttilkynningu frá Toyota er bílnum ætlað að að sýna að merkið sé að smíða betri bíla fyrir mótorsportið. Um er að ræða bíl með vélina fram í til að keppa í „einni af hörðustu mótorsportkeppnum veraldar“ eins og segir í frétttilkynningu. Af myndinni af GR GT3 að dæma virðist bíllinn ekki vera þróun á Supra eins og fyrir fram mætti búast við. Sjá má langa vélarhlíf með loftinntökum á frambrettunum og ílöngum ljósum ásamt stórum afturvæng. Of snemmt er að segja hvað leynist undir vélarhlífinni þar sem reglugerðir í GT3-keppnunum eru ekki strangar þegar kemur að vélbúnaði. Það sem skiptir máli er að bílarnir verða að vera byggðir á framleiðslubíl til að fá keppnisleyfi og því má ljóst vera af þessu að GR-mótorsportdeild Toyota hefur í nógu að snúast og margir spennandi hlutir þar að gerast á næstunni. ■

Nýi GR Yarisinn verður frumsýndur eftir nokkra daga og byggir nokkuð á reynslu bílsins í WRC-heimsmeistarakeppninni.

Von er á öflugri útgáfu GR Yaris en núverandi útgáfa skilar þegar 257 hestöflum úr þriggja strokka 1,6 lítra vélinni.

Það eru aðallega tvinnbílar Toyota sem eru ábyrgir fyrir mikilli aukningu í þeim flokki í Bandaríkjunum.

Metsala tvinnbíla í Bandaríkjunum

njall@frettabladid.is

Sala tvinnbíla og tengiltvinnbíla náði nýjum hæðum í Bandaríkjunum á síðasta ári en hún jókst um 76% með sölu 801.550 slíkra bíla. Sala tvinnbíla er því 5% af fólksbílamarkaði en sala 100% rafbíla er aðeins 3% með 434.879 bíla, sem þrátt fyrir allt er 83% aukning. Það eru helst merki eins og Toyota, Honda, Hyundai og Kia sem halda uppi þessari aukningu en Toyota hefur aldrei selt fleiri tvinnbíla í Bandaríkjunum eða 583.697, og dugði það til að koma merkinu í efsta sæti bílaframleiðenda. Honda var með næstflesta tvinnbíla með 67% aukningu frá árinu áður en merkið seldi 107.060 tvinnbíla. ■

Mótorhjólafólk hefur gert athugasemdir við hávaðamyndavélar í Frakklandi.

Hávaðamyndavélar teknar í notkun

njall@frettabladid.is

Frakkland verður fyrsta landið til að innleiða notkun hávaðamyndavéla á næstunni. Um er að ræða Meduse-myndavélar sem tengdar eru stefnuvirkandi hljóðnemum og fundið geta hávaðasöm ökutæki og myndað þau. Fær hvert ökutæki sem fer yfir mörk sekt upp á 135 evrur, eða um 20.000 kr. Er myndavélunum aðallega beint gegn hávaðasömum mótorhjólum og hafa vélarnar verið settar upp þar sem mótorhjól venja komur sínar á undanförnum vikum. Fyrsta slíka vélin var sett upp í nágrenni Parísar á Rue 46 í Saint-Lambert des-Bois sem er vinsæll vegur meðal mótorhjólafólks. Deilt er um hvort myndavélar þessar séu nógu nákvæmar og má til dæmis ímynda sér að vélarnar eigi erfitt með að greina hver á sök í hópi mótorhjóla. Spurningin er, nú þegar Frakkland hefur hafið innleiðingu hávaðamyndavéla, hvort önnur lönd fylgi í kjölfarið. ■

Þeir bílar SsangYong sem selst hafa hérlendis að undanförnu eru aðallega jeppinn Rexton og Korando-jepplingurinn hjá Bílabúð Benna.

SsangYong selt fyrir aðeins 33 milljarða króna til Edison Motors

njall@frettabladid.is

Eins og fjallað var um í Bílablaðinu á dögunum stóð sala á SsangYong-bílamerkinu fyrir dyrum. Þær fréttir bárust í gær að búið væri að ganga frá sölunni fyrir litla 33 milljarða króna sem þykir ekki mikið verð þegar heilt bílamerki er annars vegar. Var það hið unga rafbílamerki Edison Motors sem keypti af Mahindra sem reynt hefur að selja 75% hlut sinn síðan í hittiðfyrra. Vegna þess hefur merkið ekki fengið neitt fjármagn í eitt og hálft ár og var því við það að komast í þrot. Kaup Edison Motors hafa verið samþykkt af gjaldþrotadómstól í Suður-Kóreu samkvæmt kóreska dagblaðinu Korean Economic Daily. Engin frétt hefur komið frá SsangYong vegna þessa ennþá en bílamerkið hefur meðal annars umboð hérlendis í gegnum Bílabúð Benna. Samkvæmt Edison Motors verður tilkynnt um framhald SsangYong fyrir 1. mars næstkomandi. ■

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Lexus NX 450H+

KOSTIR
- Drægi rafhlöðu
- Aflmikill
- Margmiðlunarskjár

GALLAR
- Verð
- Stutt seta framsæta
- Þyngd

Grunnverð: 9.760.000 kr.
Hestöfl: 304
Tog: 300 newtonmetrar
Hröðun 0-100 km: 6,3 sek.

Hámarkshraði: 200 km/klst.
Rafhlaða: 18,1 kWst
Eigin þyngd: 1.990 kg
Veghæð: 185 mm

Dráttargeta: 1.500 kg
L/B/H: 4.662/1.865/1.661 mm
Hjólhaf: 2.690 mm

Lexus NX – Nú líka með tengli

Lexus NX var fyrst kynntur árið 2014 og hefur síðan þá verið best seldi bíll þeirra í Evrópu, en alls hafa 175.000 eintök verið seld af honum í álfunni. Þótt önnur kynslóð NX byggi á sama TNGA-K grunni og Toyota RAV4 PHEV hefur Lexus tekist vel að búa til bíl með meiri áherslu á lúxus en áður

Í tengiltvinnútgáfunni er um mjög öflugan og skemmtilegan akstursbíl að ræða. MYNDIR/LEXUS

Lexus NX 450H er fyrsti tengiltvinnbíll merkisins og byggir á 15 ára reynslu þess í tvinnbílum. Ekki veitir af í ört vaxandi samkeppni bíla í þessum flokki þar sem að sú útgáfa sameinar í senn afl og hagkvæmni. Hann er búinn tveimur rafmótorum sem ásamt 2,5 lítra bensínvélinni gefur honum 304 hestöfl og hröðun upp á 6,3 sekúndur í hundraðið. Það er að flestu leyti gott að keyra Lexus NX í tengiltvinnútgáfunni enda er hann nákvæmur í stýri og fjöðrunin sér til þess að hann er ekki að leggjast mikið í beygjurnar. Að framan er sjálfstæð MacPherson-fjöðrun með gasdempurum en tvöföld klafafjöðrun að aftan. Ekki veitir af því í tengiltvinnútgáfunni sem er tvö tonn að þyngd og heilum 200 kílóum þyngri en tvinnbíllinn. Hann er líka snöggur af stað og þá líka þegar þarf að taka fram úr. Drægi 18,1 kWst rafhlöðunnar gefur honum drægi upp á 69 km samkvæmt WLTP-staðlinum. Bíllinn var prófaður við bestu aðstæður í 25-30 stiga hita og fyrst á rafmagninu einu saman og dugði það eins og efni stóðu til. Hann er meira að segja þokkalega snöggur upp á rafmagninu einu saman og skiptingin yfir í vélarafl er hnökralaus.

Bíllinn er ekki mikið stærri en fyrsta kynslóðin eða 20 mm lengri og breiðari en viðbótarrýmið er vel nýtt. Munar þar mest um betra fótarými enda hjólhafið 30 mm lengra og farangursrýmið fer upp í 545 lítra. Að vísu er setan í framsætum frekar stutt fyrir bíl í þessum stærðarflokki en þau eru að öðru leyti þægileg. Það er hins vegar mikil breyting á þessum bíl með mun betri tæknibúnaði og innréttingu. Helsta breytingin er stór og vel staðsettur 14 tommu snertiskjár sem er mun betri í notkun en gamli skjárinn, sem notaðist við snertiplatta til stýringar. Að vísu fæst hann aðeins í dýrari útfærslum en með honum er líka búið að fækka stjórntökkum í mælaborðinu þótt þeir mikilvægustu fái enn að halda sér. Skjárinn styður bæði Apple CarPlay og Android Auto.

Grunnverð NX-bílsins er 9.760.000 kr. en tengiltvinnútgáfan byrjar í 10.990.000 kr. þegar sala á bílnum hefst hérlendis í lok mánaðarins. Í tengiltvinnútfærslunni er um vel búinn bíl að ræða í grunninn. Þar nægir að nefna upphitað stýri, þráðlausa símahleðslu, rafdrifin framsæti með kælingu og framrúðuskjá. Í Takumi-útfærslu kemur hann með sérlega góðu Mark Levinson-hljómkerfi sem gafst tækifæri til að prófa sérstaklega, en það er með 17 hátölurum. Dýrari útfærslur fá svo búnað eins og díóðuaðalljós og F-Sport stillanlega sportfjöðrun. Lexus NX keppir við Audi Q5, Mercedes GLC og BMW X3. Ef við skoðum aðeins hvað tengiltvinnútgáfur þessa bíla kosta er Audi-bíllinn einungis í sérpöntun og verðið því ekki gefið upp á heimasíðu Heklu. BMW X3 30e kostar frá 9.990.000 kr. og Mercedes-Benz GLC frá 9.490.000 kr. svo að Lexus-bíllinn gæti staðið sig betur í verðsamanburði en á móti kemur að hann er með stærri rafhlöðu og þar af leiðandi meira drægi. ■

Vélin er 2,5 lítrar og ásamt rafmótorunum skilar bíllinn samtals 304 hestöflum.

Dýrari útgáfur koma með díóðuaðalljósum.

Farangursrýmið hefur stækkað í 454 lítra en 60/40 felling er á aftursætum.

Mælaborðið er með 14 tommu snertiskjá sem hallar aðeins að ökumanni.

Afturendinn er endurhannaður með díóðuljósum sem ná yfir breidd bílsins.

Bíllinn er ekki mikið stærri en fyrsta kynslóð eða 20 mm lengri og breiðari en viðbótarrýmið er vel nýtt.

Ertu með eitthvað grænt í gangi?

Með Grænu láni frá Ergo getur þú fjármagnað rafbíl, rafhjól eða hleðslustöð á hagstæðum kjörum.

Kynntu þér málið á ergo.is

Með breytingunni eykst aðfallshorn um 5 gráður og fráfallshorn um sex.

Arctic Trucks breytir Land Cruiser 300

njall@frettabladid.is

Breytingafyrirtækið Arctic Trucks hefur breytt nýjustu útgáfu Toyota Land Cruiser fyrir 35 tommur og kemur breytingin vel út að mati blaðamanns The Drive í Bandaríkjunum. Gengur hann svo langt að segja að honum finnist sem bíllinn ætti að koma svona beint frá verksmiðju, svo verklegur sé hann. Reyndar kvartar hann líka yfir því að Toyota-jeppinn sé ekki seldur í Bandaríkjunum, nema sem Lexus LX600 sem deilir sama undirvagni.

Það geta flestir verið sammála um að breytingin komi vel út, en bíllinn er á 35x12,5 tommu dekkjum á 17 tommu álfelgum. Búið er að hækka hann um 4 sentimetra og styrkja fjöðrunarkerfið ásamt því að fá brettaútvíkkanir í stíl. Þótt bíllinn virðist tilbúinn í íslenska vetrarófærð munum við ekki fá að njóta hans heldur því að 300 línan verður heldur ekki seld á Íslandi sökum strangra mengunarreglna. ■

Goodwood-verksmiðja Rolls-Royce framleiddi 5.586 bíla á árinu 2021.

Sala á Rolls-Royce bílum í hæstu hæðum

njall@frettabladid.is

Þrátt fyrir að yfirstandandi heimsfaraldur hafi höggvið nærri bílaframleiðendum og flestir þeirra horft upp á mun minni sölu bíla sinna er þó svo ekki farið með öll bílamerki. Lúxusbílaframleiðandinn Rolls-Royce tilkynnti í byrjun vikunnar um metsölu bíla á síðasta ári en þar á bæ jókst salan um 49%.

Er þetta mesta sala sem merkið hefur séð í 117 ára sögu fyrirtækisins.

Seldi framleiðandinn 5.586 bíla í fyrra til viðskiptavina í yfir 50 löndum og jókst salan á flestum markaðssvæðum, og þá mest í Kína og Ameríku. Er það mesta sala á einu ári sem merkið hefur séð í 117 ára sögu fyrirtækisins. Rolls-Royce er í eigu BMW en bílarnir eru framleiddir í Goodwood í Bretlandi. Sá sem pantar nýjan Rolls-Royce í dag þarf að bíða í heilt ár eftir afhendingu. Sala annarra lúxusbílamerkja eins og Bentley, sem er í eigu Volkswagen, hefur einnig aukist. Þar jókst salan um 31% í fyrra. ■

Koenigsegg sýnir útlínumynd af nýjum ofurbíl

njall@frettabladid.is

Þrátt fyrir að Koenigsegg hafi þegar frumsýnt tvo nýja bíla á yfirstöðnu ári er ekki allt loft úr sænska framleiðandanum því um áramótin sýndi merkið útlínur nýs bíls sem væntanlegur er á þessu ári. Nýársheiti Koenigsegg er „meiri ofureiginleikar með betri hönnun“ en myndin sýnir bíl sem lítur út fyrir að vera nýtt módel.

Hvort bíllinn verði rafbíll sem keppa mun við Rimac eða tengiltvinnbíll eins og Koenigsegg Gemera er óvíst ennþá. Koenigsegg hefur þó staðið við flest sem merkið hefur lofað hingað til í 20 ára sögu fyrirtækisins og engin ástæða til að ætla annað en að það haldi áfram. ■

Nýi bíllinn er væntanlegur á markað strax á þessu ári.



Myndin sýnir nýtt módel með upphækkandi axlarlínu og straumlínulaga þaklínu.

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

MADSHUS

Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

20%
afsláttur af gönguskíða-pökkum!

GG SPORT

Stingum af ...

Fæst einnig í:

Ellingsen
Granda

Ísfell verslun
Húsavík

Útisport
Akureyri

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18 Laugardagar 11-15

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

MÁLARAMEISTARI
Tek að mér að endurmála íbúðir og fl. Fagmennska, mikil reynsla og sanngjörn verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S. 868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Heilsa

Heilsuvörur

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Kísilverksmiðja Stakksbergs í Helguvík, Reykjanesbæ

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið og matsskýrslu Stakksbergs er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið viftur.is

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

ÞITT BESTA ÁR HEFST MEÐ RÚMI FRÁ HÄSTENS

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens®
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

Veðurspá Þriðjudagur



Suðlæg átt 8-15 m/s og skúrir eða él, en þurrt að kalla NA-lands. Hiti 0 til 5 stig.

Suðvestan 10-18 í dag, en rigning eða slydda í flestum landshlutum um tíma eftir hádegi. Hvessir SV-til í kvöld. Hiti 0 til 5 stig. ■

ÚTSALA
BETRA BAKS
ALLT AÐ 60%
AFSLÁTTUR



EKKI MISSA AF ÞESSU!

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR
GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR
STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Fischer átti leik gegn Benkö í New York árið 1963.

1.Hf6 Kg8 [1...Bxf6 2.e5] **2.e5 h6 3.Re2 1–0.** Æskulýðsstarfsemi er að fara í fullan gang. Byrjendaflokkar Skákskóla Íslands hefjast á laugardaginn. Skákþing Reykjavíkur hefst á sunnudaginn næsta. Allt að 70 keppendum geta tekið þátt en teflt er í tveimur aðskildum rýmum.

www.skak.is: Þriðjudagsmót TR. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 útlit
5 upphaf
6 fæði
8 linast
10 vigtaði
11 hrísgrjón
12 ýmist
13 tónlist
15 nárar
17 slagorð

LÓÐRÉTT
1 mannár
2 einleikur
3 stjaka
4 efni
7 baktalari
9 ílát
12 tær
14 amboð
16 óðagot



LÁRÉTT: 1 ásynd, 5 rót, 6 el, 8 slakna, 10 vó, 11 ris, 12 sumt, 13 rokk, 15 krikar, 17 frasi.
LÓÐRÉTT: 1 ársverk, 2 sóló, 3 ýta, 4 denim, 7 lastari, 9 krukka, 12 skír, 14 orf, 16 as.

Sudoku

9		3	7				1	
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9						2	
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

		7				2		
9	6	8				3		
			5	7	9	1		
		3	2			5		
	1	6			5		7	
			4				6	
				9	8	6		
			7		1			
	4							1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Joachim B. Schmidt flutti til Íslands árið 2007 og festi fljótt rætur, giftist íslenskri konu og hlaut ríkisborgararétt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Svisslendingurinn sem varð ástfanginn af Raufarhöfn

Svissnesk-ættaði rithöfundurinn Joachim B. Schmidt settist að á Íslandi árið 2007 og heillaðist mjög af landi og þjóð. Hann sló í gegn í heimalandinu Sviss með reyfaranum Kalmann sem gerist á Raufarhöfn og kom nýlega út í íslenskri þýðingu.

tsh@frettabladid.is

Joachim B. Schmidt er svissneskíslenskur rithöfundur sem hefur verið búsettur hér á landi síðan 2007. Joachim hefur getið sér gott orð fyrir bækur sínar í hinum þýskumælandi heimi en fjórða skáldsaga hans, Kalmann, kom á dögunum út í íslenskri þýðingu Bjarna Jónssonar. Um er að ræða óvenjulega spennusögu sem gerist á Raufarhöfn og fjallar um hinn sjálfskipaða lögreglustjóra Kalmann sem bindur bagga sína ekki sömu hnútum og aðrir.

„Þetta er eiginlega portrett um Kalmann sem er mjög sérstakur gaur sem býr á Raufarhöfn og er með væga þroskahömlun. Hann labbar um þorpið með kúrekahatt, „sheriff"-stjörnu, og óhlaðna byssu. En svo gerist eitthvað þarna á Raufarhöfn, það hverfur þarna ríkasti maðurinn, meira og minna sporlaust, það er bara smá blóð eftir í snjónum. Kalmann er sá sem finnur þennan blóðpoll og hefur séð eitthvað tengt málinu og þannig byrjar ballið," segir Joachim.

Kalmann var upprunalega gefin út í Sviss hjá Diogenes Verlag árið 2020 og hlaut góðar viðtökur í hinum þýskumælandi bókmenntaheimi. Fyrir bókina fékk Joachim meðal annars Crime Cologne glæpasagnaverðlaunin 2021 sem kom honum nokkuð á óvart því Kalmann er ekki beint hefðbundin glæpasaga.

„Ég ætlaði að skrifa glæpasögu en svo mistókst þetta aðeins. Af því Kalmann var einhvern veginn svo sérstakur og mikilvægur og mér fannst svo gaman að fylgjast með honum og fara í hans daglega líf þannig þetta varð einhvers konar portrett á sama tíma. Ef sumir vilja meina að þetta sé glæpasaga þá segi ég ekki nei við því."

Íhugaði að skipta um nafn

Joachim segir Svisslendinga og aðrar þýskumælandi þjóðir vera mjög hrifnar af Íslandi og íslenskum höfundum. Aðspurður um hvort það veki athygli að svissneskur rithöfundur skuli skrifa um Ísland segir hann að það hafi gert samband hans við lesendur nokkuð sérstakt.

„Ég flutti alveg hingað 2007, ég hef fengið íslenskan ríkisborgararétt, ég er giftur íslenskri konu, ég er alveg kominn inn í þetta samfélag. En nafnið mitt, Joachim Schmidt, er bara mjög þýskt nafn og það stendur á bókinni. Kalmann er fjórða bókin mín og það hefur verið smá galli að skrifa íslenskar skáldsögur ekki sem Íslendingur eða ekki með nafn sem endar á -son. Það fór eiginlega svo langt að ég pældi í því hvort ég ætti kannski að skipta um nafn og vera kallaður Joachim Hermannsson eða eitthvað svona. En núna held ég að það sé komið í réttan farveg, fólki finnst þetta á sama tíma spennandi að þarna sé Svisslendingur sem flutti hingað og er núna með tvöfaldan ríkisborgararétt og er því kannski með aðeins öðruvísi vinkil á samfélagið heldur en innfæddir."

Að sögn Joachims hefur landslagið breyst mikið undanfarið fyrir rithöfunda af erlendum uppruna sem starfa á Íslandi en fyrir örfáum árum þótti það sæta tíðindum að slíkar bækur kæmu út hér á landi.

„Ég þarf eiginlega að þakka mjög mikið Sjón. Hann hefur barist fyrir fólki eins og mér frekar lengi, rithöfundum úr öðrum löndum sem eru búsettir hér en hafa ekkert svið og er ekki tekið eftir. Hann til dæmis sá það fyrir löngu að Íslendingar þurfa að vera opnari fyrir fólki sem einmitt endar ekki á -son eða -dóttir. Það er smá breyting í gangi að ég held og það er bara mjög gott."

Endurskrifar Vilhjálm Tell

Bókin gerist á Raufarhöfn, stað sem er mjög afskekktur og er jafnvel framandi fyrir Íslendinga.

Af hverju varð Raufarhöfn fyrir valinu sem sögusvið?

„Mig langaði að finna sögusvið sem er, eins og þú segir, afskekkt og langt í burtu. Fólk er að flytja burt, það er svona smá drungalegt umhverfi, en ég þekkti Raufarhöfn

> Kalmann er fjórða bókin mín og það hefur verið smá galli að skrifa íslenskar skáldsögur ekki sem Íslendingur eða ekki með nafn sem endar á -son.

mjög lítið. Ég kom þangað sem ferðamaður en ég keyrði bara meira og minna í gegn á þessum tíma því þar var svo lítið að sjá. En svo valdi ég þennan stað og fór í rannsóknarferð þangað til þess að skoða þetta betur og nákvæmar, og þá upplifði ég eitthvað allt annað. Jú, það eru mörg tóm hús á Raufarhöfn og risastórt hafnarsvæði sem er ekki vel notað.

En fólk þarna var bara svo rosalega skemmtilegt og bauð mig strax velkominn og fannst hugmyndin frábær og var til í allt, spjall og kaffi. Það kom mér pínu á óvart en það var mjög ánægjulegt og það fór síðan auðvitað líka inn í söguna sjálfa, þess vegna varð þetta kannski ekki þessi glæpasaga eins og ég hafði hugsað mér heldur var þetta bara allt í einu frekar skemmtileg bók með alls konar karakterum og ég varð smá ástfanginn af Raufarhöfn."

Nýjasta skáldsaga Joachims, Tell, kemur út í Sviss í febrúar en um er að ræða endursögn á þekktasta svissneska ævintýrinu, sögunni um Vilhjálm Tell. Joachim segir hugmyndina að þeirri bók hafa sprottið upp úr Íslendingasögum og fjórleik Einars Kárasonar um Sturlungaöld.

„Þetta er svona sagan sem Svisslendingar eiga eða eru búnir að eigna sér, hún er til annars staðar líka en ég held að svissneska útgáfan sé best. Mig langaði að upplifa hana aftur af því mér fannst eins og við hefðum týnt henni aðeins. Þar spilar svona stoltið inn sem Íslendingar hafa með Íslendingasögurnar og að koma því inn hjá Svisslendingum að við eigum líka eina svona flotta sögu," segir Joachim að lokum. ■

Takk fyrir okkur.

Kia var mest selda bíltegundin á Íslandi árið 2021.

Movement that inspires

Alls voru nýskráðir 1.826 Kia fólksbílar á árinu og var markaðshlutdeildin 14,3%. Þetta eru tímamót á bílamarkaði því að í fyrsta sinn er Kia mest seldi fólksbíllinn á Íslandi. Starfsfólk Öskju þakkar viðskiptavinum sínum traustið og frábærar móttökur á liðnu ári.

Kia horfir björtum augum fram á veginn enda býður fyrirtækið breitt úrval umhverfisvænna bíla og öflugt þróunarstarf Kia gerir að verkum að stöðugt bætist í hópinn. Allt frá verðlaunarafbílnum Kia EV6 yfir í tegundir sem hafa fyrir löngu skapað sér nafn fyrir áreiðanleika og tæknilega fágun eins og Sorento, Sportage og Niro. Það er óhætt að láta sér hlakka til framtíðarinnar með Kia.

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum

RISA
ÚTSALA
Allt að 60%
afsláttur

PINTO 4ra sæta sófi í koníakslituðu eða stone Kentucky áklæði. 253 × 97 × 85 cm. ~~249.990 kr.~~
Nú 199.992 kr.

30%

ECLIPSE
Borðstofuborð.
Grár askur. Ø120 cm.
~~139.990 kr.~~
Nú 97.993 kr.

60%

KARUP borðstofustóll. Svart beyki, Flash grátt áklæði. ~~34.990 kr.~~
Nú 13.996 kr.

40%

MADISON
Hægindastóll, ýmsir litir.
~~49.990 kr.~~
Nú 29.994 kr.

PINNACLE LA-Z-BOY
Hægindastóll, svartur.
84 x 97 x 107 cm. ~~189.990 kr.~~
Nú 151.992 kr.

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

30%

WOODSTOCK
Sófaborð. Olíuborin eik.
80 × 80 cm. ~~34.990 kr.~~
Nú 24.493 kr.

WOODSTOCK
Sófaborð. Svartur askur eða olíuborin eik. 120×60 cm. ~~39.990 kr.~~
Nú 27.992 kr.

**Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda á meðan útsölu stendur eða á meðan birgðir endast.*

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Lífið er lag Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna.
20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Matur og heimili (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2008-2009 Hafnarfjörður - Hornafjörður.
14.30 Út í alheiminn með Stephen Hawking
15.15 Lífsins lystisemdir Strömsö.
15.45 Pöndurnar koma
16.30 Menningin - samantekt
17.00 Íslendingar Guðmundur Ingólfsson.
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Bitið, brennt og stungið
18.09 Strandverðirnir
18.18 Hönnunarstirnin
18.35 Bolli og Bjalla Drífðu þig að slaka á!
18.45 Krakkafréttir Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt.
18.50 Lag dagsins Íslensk tónlistarmyndbönd alla virka daga fyrir fréttir.
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Á borð fyrir börnin What Are We Feeding Our Kids? Heimildarþáttur frá BBC þar sem dr. Chris van Tulleken rannsakar hvort mikið unnin matvæli séu valdur að offitu barna og hvort þau séu jafnvel ávanabindandi.
21.00 Síðasta konungsríkið The Last Kingdom Fjórða þáttaröð þessara ævintýralegu spennuþátta sem gerast á Englandi á síðari hluta níundu aldar. Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágirnist það. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Bláa línan Den tunna blå linjen Sænskir lögreglumönnum í vinnu og einkalífi í fjölmenningarsamfélagi borgarinnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.20 Ógn og skelfing The Terror
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.00 Sony Open in Hawaii
11.00 PGA Special. Journeys Sérstakur þáttur frá PGA.
11.20 Sony Open in Hawaii
15.45 PGA Special. APGA Championship Sérstakur þáttur frá PGA.
16.05 Sony Open in Hawaii
19.35 Sony Open in Hawaii

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Extreme Makeover. Home Edition
15.45 Solsidan
16.10 Survivor
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Block
20.10 Ordinary Joe
21.00 FBI. Most Wanted
21.50 Too Close (2.3) Bresk þáttaröð í þremur hlutum. Emily Watson leikur réttargeðlækninn Dr. Emma Robinson sem fær það verkefni að annast konu sem sökuð er um hræðilegan glæp en heldur því fram að hún muni ekki hvað gerðist.
22.40 Paradise Lost
23.30 The Late Late Show
00.15 Dexter
01.05 New Amsterdam (
01.50 The Bay
02.40 The Great Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi sem fjallar um eina merkustu konu mannkynssögunnar, Katrínu miklu.
03.30 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Að eiga mömmu eða pabba með krabba (1 af 6)
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan. Samastaður í tilverunni (5 af 24)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin

Stöð 2 Bíó

12.10 Like Cats & Dogs
13.40 Thunder Road
15.05 Poms
16.35 Like Cats & Dogs
18.00 Thunder Road
19.30 Poms
21.00 Harriet
23.00 Endless
00.30 Vox Lux
02.25 Harriet

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Jamie's Quick and Easy Food
09.50 MasterChef Junior Skemmtileg matreiðslukeppni þar sem krakkar á aldrinum 8 til 13 ára fá tækifæri til að heilla MasterChef-dómarana með gómsætum réttum.
10.35 10 Years Younger in 10 Days
11.20 Út um víðan völl
11.50 Saved by the Bell
12.15 The Office
12.35 Nágrannar
12.55 Manifest
13.35 Katy Keene
14.20 Punky Brewster
14.45 Heimsókn
15.15 The Good Doctor
15.55 The Heart Guy Ástralskir þættir sem fjalla um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að söðla um og sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi með enga framtíð.
16.45 The Heart Guy
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Shark Tank
19.55 Masterchef USA
20.35 B Positive Meinfyndnir þættir um Drew sem er nýfráskilinn og í leit að nýrnagjafa. Hann er við það að gefa upp alla von þegar hann rekst á gamlan og óútreiknanlegan skólafélaga, Ginu, sem býður honum sitt nýra.
21.00 S.W.A.T.
21.45 Magnum P.I.
22.30 The Wire
23.30 Coroner
00.15 Angela Black
01.05 Cardinal
01.45 The Mentalist
02.30 The Office
02.50 The Heart Guy
03.40 The Heart Guy

Stöð 2 Sport

08.00 Keflavík - Vestri Í Subway-deildar karla.
09.40 Þór Þ. - Njarðvík
11.20 Breiðablik - KR
13.00 Tilþrifin
13.45 Haukar - Valur Í Subway-deildar kvenna.
15.25 Grindavík - Valur
17.05 KA/Þór - Fram Í Olís-deild kvenna.
18.25 Valur - Stjarnan
19.45 Seinni bylgjan Olís-deild kvenna.
20.45 Meistarakeppni kvenna. Valur - Haukar

Stöð 2 Sport 2

08.25 Manchester United - Aston Villa
10.05 Ensku bikarmörkin
10.30 Coventry - Derby
12.10 Swindon - Manchester City
13.50 Unicaja - Valencia Basket
15.30 Manchester United - Aston Villa
17.10 Ensku bikarmörkin
17.35 Leikur Útsending frá leik í NFL.
20.00 Lokasóknin
21.05 Leikur Útsending frá leik í NFL.
23.25 Clippers - Grizzlies

Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Lífið fær nýjan tilgang með Organsónötu nr. 4 eftir Bach
Tónlist, samtöl, upplestur, fuglasöngur, barnahjal og niður í beljandi eldgosi. Heimurinn opnast upp á gátt þegar þú heyrir betur. Með hágæða heyrnartækjunum frá Beltone Imagine™ verður þér það kleift og lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone Imagine™ – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

Golden Globe slaufað og aflýst

Golden Globe-hátíðin er í kreppu vegna langvarandi ásakana sem snúa meðal annars að rasisma, kvenhatri og einsleitni í dómnefnd og tilnefningum. NBC hætti við að senda hátíðina út í ár af þessum sökum og voru verðlaunin afhent á Twitter í gær. Leikarinn Tom Cruise hefur skilað þremur verðlaunagripum vegna málsins.

ninarichter@frettabladid.is

Samtök erlendra fréttaritara í Hollywood, The Hollywood Foreign Press Association, standa að Golden Globe-hátíðinni og hafa gert frá árinu 1943. Jafnan horfa 18 milljón manns á útsendinguna frá verðlaunaafhendingunni, en viðburðinum var lokað með öllu þetta árið og ekki einu sinni streymt á netinu.

Samtökin telja um 90 manns frá 55 löndum og samanstanda af blaðamönnum og ljósmyndurum sem, samkvæmt opinberri lýsingu, sérhæfa sig í bandarískum skemmtanaiðnaði.

Samtökin hafa sætt mikilli gagnrýni sem náði hámarki sínu með útgáfu skýrslu Los Angeles Times í maí í fyrra, þar sem ýmislegt misjafnt kom í ljós. Viðbrögð iðnaðarins vestra hafa verið á þá leið að hreinlega slaufa verðlaununum. Kvikmyndastjörnur forðast að láta tengja sig hátíðinni og stórleikarinn Tom Cruise skilaði þremur verðlaunagripum opinberlega, til að tjá andstöðu sína við gildi hátíðarinnar og samtakanna þeim að baki.

NBC hættir við

Samtökin hafa legið undir ámæli mánuðum saman vegna skorts á fjölbreytni. NBC hætti við að streyma verðlaunaafhendingunni og var útgefin ástæða þessi afgerandi einsleitni sem þótti ekki endurspegla iðnaðinn á sanngjarnan hátt.

Í yfirlýsingu frá NBC sagði: „Við höldum áfram í þá von að samtökin stefni að raunverulegum umbótum. Breytingar af þessari stærðargráðu krefjast hins vegar tíma og vinnu og við teljum að HFPA þurfi tíma til þess að standa rétt að málum. Af þessum ástæðum mun NBC ekki sýna frá Golden Globe-hátíðinni 2022.“

Af þeim sökum fór hátíðin fram í kyrrþey, ef svo má að orði komast, á Beverly Hilton-hótelinu í Los Angeles í gær. Henni var hvorki sjónvarpað né var nokkur formlegur fjölmiðlaviðburður í tengslum við hana. Í rauninni fór hátíðin að mestu fram á Twitter.

Samtökin lýstu því yfir, andstætt yfirlýsingu NBC, að ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi væru sóttvarnaráðstafanir vegna Covid-19. „Heilsa og öryggi er forgangsverkefni HFPA,“ sagði í yfirlýsingu frá samtökunum.

Aðallega hvítir karlar ...

Ákvörðun NBC má rekja til úttektar Los Angeles Times um HFPA, sem dró upp heldur ófagra mynd af stöðu mála.

Þar kom fram að bókstaflega enginn í samtökunum væri dökkur á hörund, en þau hafa sætt gagnrýni um árabil fyrir að tilnefna heldur ekki bíómyndir með þeldökkum leikurum í aðalhlutverki.

Þegar gagnrýnin á Golden Globe varð sem háværust í fyrra, og aðstandendur sáu í hvað stefndi, sendu þau frá sér yfirlýsingar varðandi umbætur og réðu meðal annars til sín „fjölbreytileikafulltrúa“ sem á ensku kallast „chief diversity officer“.

Helen Hoehne, formaður samtakanna sem lýstu yfir að hátíðinni væri aflýst vegna Covid. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hátíðin réð Neil Phillips sem „fjölbreytileikafulltrúa“. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

... og gamlir karlar

Eldri borgarar mynda meirihluta HFPA-samtakanna.

Fólk sem starfað hefur með samtökunum hefur lýst því hvernig fjöldi meðlima sofnar á kvikmyndasýningum þar sem myndir eru dæmdar, auk þess sem hávær rifrildi innanbúðarmanna eru tíður atburður á fjölmiðlasamkomum.

Fjöldi menningarblaðamanna, sem hafa reynt að ganga til liðs við samtökin en ekki haft erindi sem erfiði, hefur sagt frá rógburði af hálfu inntökunefndar, sem notaður er sem rökstuðningur fyrir höfnun umsóknar. Að sögn heimildarmanna Los Angeles Times hafa samtökin gengið svo langt í árásum sínum á óvelkomna umsækjendur að þeir hafa þurft að skipta um starfsvettvang vegna persónuárása.

Tom Cruise skilar verðlaunum

Viðbrögðin við skýrslunni ljótu hafa verið hörð í iðnaðinum. Stórleikarinn Tom Cruise brást til að mynda við málinu með því að skila til síns heima þrennum Golden Globe-verðlaunum sem hann hefur hlotið í gegnum tíðina. Þá hefur fjöldi fagfólks sent frá sér yfirlýsingar um að sniðganga hátíðina.

Gagnrýnandinn Peter Bradshaw hjá The Guardian gerði málinu skil í harðorðum pistli í maí í fyrra sem titlaður er „Þetta er ekki bara rasismi og kvenhatur, heldur hafa Golden Globe-verðlaunin sokkið í algjöran hálfvitagang“, þar sem hann lýsir dómnefndinni á eftirfarandi hátt:

„HFPA-samtökin eru fræg fyrir að hafa 87 manns í furðulegri atkvæðagreiðslu; fáeinir skrifa fyrir virtar útgáfur, en flestir eru bráðfyndnar og tussulegar útgáfur af útbrunnum Normu-Desmond týpum, með stækustu íhaldshugmyndir sem fyrirfinnast utan Mar-a-Lago,“ skrifar hann. ■

„Samtök hvítra forréttindakarla“

Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur

Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur segist hafa tekið eftir ójafnvægi í tilnefningum Golden Globe-hátíðarinnar, til dæmis í fyrra. „Ég man hvað ég var ótrúlega hneyksluð í fyrra þegar Michaela Coel fékk ekki tilnefningu fyrir I May Destroy You,“ segir hún. „Ég man að það var mikil hneykslunaralda í kringum það.“

Sigríður segir hátíðina þó hafa brugðist við gagnrýninni með því að reyna að gera bragarbót. „Þau bættu við 21 meðlimi sem enginn er hvítur. Þeir birtu nýjar siðareglur og hafa lofað að árið 2023 muni hluti hins svokallaða ethnic minority aukast um 50 prósent.“

Stjörnur sniðganga hátíðina

„En ég skil að fólk trúi þessu ekki endilega, að þau séu að breytast svona mikið. En þetta veltur síðan á því hvort verðlaunin haldi velli eða hreinlega deyi út,“ segir hún og bætir við að NBC hafi gefið loforð um að sýna hátíðina á næsta ári ef staðið verði við stóru orðin.

Sigríður segir að margar stjörnur hafi sent frá sér yfirlýsingu um að sniðganga hátíðina. „Ekki bara vegna rasisma heldur líka vegna kynferðislegrar áreitni og karlrembu,“ segir hún. „Scarlett Johansson er til dæmis hætt að taka þátt í fréttamannafundum á þeirra vegum. Hún er þreytt á karlrembuspurningunum og því sem flokkast hreinlega sem áreitni.“

Hún bætir við að leikarinn Mark Ruffalo hafi sagt opinberlega að hann geti ekki lengur verið stoltur af sínum verðlaunum. „Svo hafa komið upp spillingarmál, eins og þegar framleiðendur Emily in Paris borguðu meðlimum nefndarinnar fyrir að koma í ferð til Parísar og kynna sér þættina.“

Bein afleiða #MeToo og BLM

Að sögn Sigríðar hafa HFPA-samtökin ekki alveg lesið nútímann. „Þetta hafa bara verið samtök hvítra forréttindakarla.“

Aðspurð hvort Óskarsverðlaunahátíðin hafi náð að rétta úr kútnum, eftir sambærilega gagnrýni, segir Sigríður svo vera. „Það er áberandi hvað þetta hefur skánað mikið.“ Hún segir breytinguna vera beina afleiðu hreyfinga á borð við #MeToo og Black Lives Matter. „Þetta tvennt er að breyta heiminum.

Efling-stéttarfélag

Stjórnarkjör 2022

Auglýsing frá Kjörstjórn

Stjórn og trúnaðarráð Eflingar-stéttarfélags hefur ákveðið að stjórnarkjöri í félaginu skuli lokið 15. febrúar 2022.

Vegna yfirstandandi faraldurs verður kosningin bæði rafræn og á kjörstað.

Kosning hefst 9. febrúar 2022 kl. 09:00 og lýkur kl. 20:00 þann 15. febrúar 2022.

Að þessu sinni skal kosið um embætti formanns, sjö stjórnarmanna til tveggja ára og tveggja skoðunarmanna reikninga auk eins til vara til tveggja ára.

Uppstillingarnefnd hefur verið að störfum í félaginu og mun listi stjórnar og trúnaðarráðs (A-listi) liggja frammi á skrifstofu félagsins innan skamms og vera auglýstur sérstaklega.

Öðrum listum skal skila inn eigi síðar en kl. 8:59 þann 2. febrúar 2022. Framboðslista skulu fylgja skriflegar staðfestingar þeirra sem skipa listann auk meðmæla a.m.k. 120 félagsmanna Eflingar-stéttarfélags. Það er á ábyrgð forsvarsmanna lista að ganga úr skugga um að frambjóðendur njóti kjörgengis og að allir meðmælendur séu fullgildir félagsmenn Eflingar-stéttarfélags.

Listum ber að skila til fulltrúa kjörstjórnar á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags Guðrúnartúni 1.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar gefur undirritaður.

Halldór Oddsson
Formaður Kjörstjórnar
s. 5355600 / halldoro@asi.is

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



BETRI STOFAN

ANNO 2021

NÝTT ÁR
NÝIR TÍMAR
ÓOPNAÐIR PAKKAR

Hvetjandi vinnuaðstaða
fyrir fyrirtæki,
einstaklinga og
stofnanir

www.betristofan.com

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Bakþankar

Kristbjargar Þórisdóttur

Stopp

Við lifum sögulega tíma á svo marga vegu. Hver bylgja kófsins rekur aðra. Ekki nóg með það heldur hafa á síðustu árum risið nýjar og nýjar #Églíka-bylgjur.

Sú nýjasta er kannski sú öflugasta. Allt í einu er ekki lengur pláss fyrir dónakarlinn eða dónakerlinguna í samfélaginu. Allt í einu þurfa meintir gerendur kynferðisbrota að víkja. Tafarlaust. Það er nýbreytni. Áður fyrr snerist umfjöllunin um þolandann. Var viðkomandi að segja satt? Hvað gerði þolandi til þess að kalla þetta yfir sig? Skömmin var þolandans.

Skyndilega hefur þetta snúist við. Samfélagið trúir þolendum frekar. Því miður hafa of margir orðið fyrir barðinu á einstaklingum sem virða ekki mörk og brjóta á öðru fólki. Telja sig hafa tilkall til þess að gera bara það sem þeim sýnist vegna þess hverjir þeir eru.

Ég hef sjálf hitt dónakarlinn oftar en einu sinni. Eins og margir aðrir þolendur gerði ég lítið úr atvikunum í aðstæðunum. Vildi ekki vera með vesen. Reyndi bara að koma mér út úr aðstæðunum. Sú tilfinning sem ég fann fyrir í vikunni var stolt. Stolt yfir því að upplifa ungar konur segja hingað og ekki lengra!

Í árhundruð hefur fólk sem brotið hefur verið á viljað geta sagt þetta: Stopp. Það heyrist ekki fyrr en samfélagið er tilbúið til að hlusta og trúa. Þegar það gerist verður þessi magnaða samfélagslega breyting. Dónakarlinn eða dónakerlingin þrífast ekki lengur. Þau þurfa að taka afleiðingum gjörða sinna. Skömmin er þeirra og þau þurfa að víkja. Félag íslenskra dónakalla er gjaldþrota. ■